

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS ÁRSSKÝRSLA 2017-2018





ÁRSSKÝRSLA 2017-2018
AÐALFUNDUR SA 16. APRÍL 2018

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
VINNUMARKAÐUR	6
UMHVERFISMÁL.....	8
MENNTAMÁL	10
JAFNRÉTTISMÁL	14
SAMFÉLAGSÁBYRGÐ	16
SÁTTMÁLI GEGN EINELTI, ÁREITNI OG OFBELDI	19
EFNAHAGSMÁL	22
SAMKEPPNISHÆFNI	26
LÍFLEGT Á LITLA ÍSLANDI	28
ERLEND SAMSKIPTI	32
HAUSTFUNDARÖÐ SA	34
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS	38
SAMSKIPTI	42
SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR.....	51
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	52
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2017	54
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2017	55
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2017	56
VINNUDEILUSJÓÐUR.....	57

ÁVARP FORMANNS



Í ár eru liðin 100 ár frá því Ísland varð fullvalda ríki. Hvert sem lítið er má sjá merki um ótrúlegar framfarir frá þessu tímabili og víst er að kynslóðirnar sem gengnar eru hafa með atorku sinni, elju og dugnaði skilað íslensku þjóðfélagi fram á veginn þannig að það stenst samjöfnuð við það sem best gerist annars staðar. Ekki þarf annað en líta til samgangna þar sem Ísland var, fyrir 100 árum, eyja sem erfitt var að sækja heim og ferðast um. Ferðamáti fólks var sá sami og tíðkast hafði um aldir og þótt ýmsar tækninýjungar væru að líta dagsins ljós þá leið langur tími áður en ferðir milli landshluta og landa urðu á almannafæri.

Nú má hins vegar segja að lega landsins sé að verða einn helsti styrkleiki þess hvort sem lítið er til skipasiglinga á norðurslóðum eða flugsamgangna. Á undraskömmum tíma hafa Íslendingar öðlast möguleika til að komast á örskotsstundu nánast hvert sem er í heiminum, auk þess sem samgöngur innan lands eru auðveldari en nokkru sinni. Samt er þróuninni hvergi nærri lokið.

Í október 2015 gerðu helstu samtök á vinnumarkaði með sér rammasamkomulag um breytt og betri vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Það fól í sér sameiginlega launastefnu til ársloka 2018. Þá renna út allir helstu kjarasamningar en við mat á forsendum samninganna nú í febrúar var tekin ákvörðun um að þeir skyldu halda gildi sínu út samningstímann.

Samtök atvinnulífsins telja enga aðra leið færa en að launabreytingar, sem samið verði um, séu í samræmi við framleiðni-

aukningu í atvinnulífinu og getu útflutningsfyrirtækja og þeirra sem eru í beinni erlendri samkeppni til að taka á sig aukinn kostnað. Þetta er í samræmi við rammasamkomulagið frá 2015 og yfirlýstan sameiginlegan vilja ASÍ og SA um að byggja vinnubrögð við gerð kjarasamninga á fyrirmyndum í nágrannaríkjunum.

Reynslan af nágildandi kjarasamningum er að mestu góð og þeir hafa, ásamt hagstæðum ytri skilyrðum og miklum vexti ferðaþjónustunnar, tryggt þorra launafólks meiri kaupmátt en áður hefur sést. Á tímabilinu hefur þó þrengt verulega að fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni, bæði vegna launahækkana og einnig þess hvað gengi íslensku krónunnar hefur styrkst mikið gagnvart erlendum myntum.

Þessir kjarasamningar til langs tíma lögðu grundvöll að þeirri miklu uppbyggingu sem orðið hefur í atvinnulífinu með því að tryggja stöðugleika og fyrirsjáanleika ásamt því að tryggja hagsmuni launafólks, sérstaklega þeirra sem lægst hafa launin. Þetta hefur einnig tryggt stöðugleika í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Árangur af samningsgerð ASÍ og SA allt frá árinu 2013 hefur þannig skilað sér til samfélagsins alls.

En það blæs líka á móti. Kjararáð hefur á undanförunum árum ítrekað úrskurðað um laun háttsettra starfsmanna ríkisins sem ekki samræmast launastefnunni sem mótuð hefur verið á almenna vinnumarkaðnum. Ennfremur hafa einstakir hópar sem telja sig hafa sterka stöðu gagnvart vinnuveitanda sínum og almenningi



í landinu einnig reynt að sækja launahækkunar umfram það sem almennt gerist án þess þó að tekist hafi.

Nú er nauðsynlegt að hefja undirbúning að nýjum kjarasamningum þannig að unnt verði að tryggja í sessi stöðugleikann í efnahagsmálum sem ríkt hefur undanfarin ár. Við þurfum líka að verja eins og unnt er þann kaupmátt sem náðst hefur. Hér þurfa margir að koma að og gæta þess að fara ekki offari og skapa væntingar sem engin leið er til þess að rætist og geta einungis orðið til þess að bitna á þeim sem síst skyldi.

Þrátt fyrir að lífskjör í landinu hafi batnað meira á undanförunum þremur árum en nokkru sinni þá er víða að finna óánægju. Flest spjót standa á stjórnvöldum. Tekjuskattkerfið er mörgum þyrnir í augum, einkum að persónuafsláttur, sem skiptir hlutfallslega mestu fyrir lágtekjufólk, hafi ekki þróast í takt við laun. Einnig er megn óánægja með helstu millifærslukerfi ríkisins, þ.e. barnabætur og vaxtabætur, sem verulega hefur verið dregið úr. Því blasir við að stjórnvöld verða að bregðast við í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Aðilar vinnumarkaðarins verða að halda áfram að feta þá braut sem mörkuð hefur verið við gerð kjarasamninga þannig að þeir styðji við lága verðbólgu og tryggi að kaupmáttur launa haldi áfram að aukast hægt en örugglega.

Ríki og sveitarfélög verða sömuleiðis að gæta hófs í áformum sínum um aukin útgjöld. Tryggingagjald sem leggst á öll laun

verður að lækka eins og margoft hefur verið gefið vilyrði um. Áhyggjuefni er að fjármálaáætlun ríkisins er ekki nægilega aðhaldssöm og felur ekki í sér svigrúm til að mæta áföllum nú þegar merki eru um að toppi hagsveiflunnar hafi þegar verið náð og að hagvöxtur muni fara minnkandi á næstunni. Sama á við um fjárhag sveitarfélaganna.

Hóflegir kjarasamningar og ábyrg fjármálastefna stjórnvalda gera kleift að afnema gjaldeyrishöft að fullu, lækka vexti og festa í sessi lága verðbólgu.

Þannig mun hagur allra batna – hægt en örugglega.

Þá má heldur enginn skerast úr leik.

Eyjólfur Árni Rafnsson

VINNUMARKAÐUR

Kjarasamningar SA og aðildarféлага ASÍ, sem gerðir voru um mitt ár 2015, tryggðu að mestu vinnufrið á almenna vinnumarkaðnum fram til ársloka 2018 að því gefnu að forsendur þeirra stæðust. Mat á forsendum skyldi fara fram í febrúar á hverju ári 2016-2018 og var meginforsendan sú að kjarasamningarnir yrðu stefnumarkandi fyrir aðra samningsgerð á vinnumarkaði varðandi launabreytingar. Forsendur brustu strax haustið 2015 þegar gerðardómur, sem Alþingi skipaði til að binda enda á kjaradeilu aðildarféлага BHM og ríkisins, markaði nýja og gjörbreytta launastefnu.

SA brugðust við forsendubrestinum með gerð rammasamkomulags, dagsett 27. október 2015, milli SA og vinnuveitendahlíð hins opinbera annars vegar og ASÍ og BSRB hins vegar, um nýja launastefnu til ársloka 2018. Í janúar 2016 gerðu síðan SA og ASÍ kjarasamning sem tryggði áframhaldandi gildi kjarasamninga.

Í febrúar 2017 komst forsendunefnd ASÍ og SA að þeirri niðurstöðu að forsendur kjarasamninga hefðu brostið á ný vegna kjarasamnings Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Meginástæða þess usla sem ríkti í verkalýðshreyfingunni, og í samfélaginu öllu, voru þó ákvarðanir Kjararáðs um mjög miklar launahækkunar kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna, en þær gátu þó formlega ekki verið tilefni uppsagnar kjarasamninga. Þrátt fyrir forsendubrestinn ákvað samninganefnd ASÍ að kjarasamningarnir héldu gildi sínu áfram og var samningum breytt þannig að uppsagnarheimild vegna brostinnar launastefnu var frestað til febrúar 2018.

Í febrúar 2018 kom upp ágreiningur milli fulltrúa ASÍ og SA í forsendunefnd kjarasamninganna um hvort forsendur samningana hefðu brostið. Fulltrúar SA töldu að kjarasamningar á öðrum samningssviðum undanfarna tólf mánuði hefðu verið í samræmi við launastefnu rammasamkomulagsins og því ekki forsendur fyrir uppsögn samninga. Fulltrúar ASÍ töldu forsendubrest vera fyrir hendi því ekki hefði náðst almenn sátt um launastefnuna og því héldi uppsagnarheimildin gildi sínu. Yfirlýsingu SA um framhald kjarasamninga má lesa í heild á vef SA

Samninganefnd ASÍ, sem fór með uppsagnarheimildina, ákvað að bera ákvörðun um uppsögn undir formannafund. Ákvæði um atkvæðagreiðslur formannafundar eru þannig að tillaga telst samþykkt fái hún bæði meirihluta atkvæða formanna og



meirihluta atkvæða sem vegin eru með fjölda félagsmanna hvers félags. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var sú að tillaga um uppsögn kjarasamninga var felld með atkvæðum 57% formanna. Kjarasamningar halda því gildi sínu til ársloka 2018. Ef niðurstaðan hefði orðið á annan veg hefðu SA vísað til Félagsdóms að kveða upp dóm um lögmati uppsagnar.

Lítið svigrúm til launahækkana

Haustið 2017 fjölluðu SA ítarlega um hækkun launakostnaðar á Íslandi síðastliðin tvö ár og áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Launakostnaður fyrirtækja á Íslandi hafði hækkað um fjórutíu prósent meira en í helstu samkeppnisríkjunum. Að mati SA endurspegladi hækkunin þverrandi samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og minni getu fyrirtækja til þess að standa undir launahækkunum. Almennur kaupmáttur hafði hækkað um rúmlega 20% á tveimur árum þar sem verðbólga hafði verið lítil vegna hagstæðra skilyrða.

Fræðslumál – nýr vefur og námskeið

Haustið 2017 opnuðu SA nýjan og endurbættan vinnumarkaðsvef þar sem nálgast má ítarlegar upplýsingar um kjar- og starfsmannamál. Auk uppfærðra kjarasamninga má m.a. nálgast upplýsingar





um launakostnað, vinnutíma, ráðningar, uppsagnir, veikinda- og orlofsrétt, jafnréttismál, vinnuvernd og persónuvernd. Í febrúar voru haldin almenn námskeið um vinnurétt og starfsmannamál auk sérstaks námskeiðs um nýjar reglur um persónuvernd og jafnlaunavottun. Í apríl og maí 2018 verða haldin námskeið víða um land.

Sáttmáli gegn einelti, áreitni og ofbeldi

SA kynntu í janúarbyrjun sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi með hvatningu til starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja að gera gildi hans að hluta af daglegum rekstri. Samhliða var kynnt veggspald með sáttmálanum sem nálgast má í Húsi atvinnulífsins. Veggspjaldið varð síðan að sameiginlegri fyrirmynd sem atvinnulífið, verkalýðshreyfingin og stjórnvöld fylktu sér um.

Kennitöluflakk og keðjuábyrgð á launum

SA unnu á starfsárinu að verkefnum sem er ætlað að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja og tryggja réttindi launafólks, sér í lagi erlendra starfsmanna á vinnumarkaðnum.

SA og ASÍ kynntu í júní 2017 sameiginlegar tillögur sem er ætlað að sporna gegn kennitöluflakki. Er þar m.a. lagt til að Ríkisskattstjóra verði veitt heimild til að úrskurða kennitöluflakkara í svokallað atvinnurekstrarbann að fengnum úrskurði dómstóla.

Samkomulag náðist milli SA og ASÍ um að innleiða keðjuábyrgð á launum útsendra starfsmanna í bygginga- og mannvirkjagerð og í apríl 2018 var undirritaður samningur milli SA og ASÍ um innleiðingu keðjuábyrgðar á launum starfsmanna starfsmannaleiga. Samningnum er ætlað að auka traust til starfsemi starfsmannaleiga, m.a. með sérstakri viðurkenningu til handa starfsmannaleigum sem áunnið hafa sér traust á markaðnum. Frumvarp um innleiðingu keðjuábyrgðar verður lagt fram á vörpíngi 2018.

Stytting vinnutíma – rangfærslur leiðréttar

Mikil umræða var á starfsárinu um styttingu vinnutíma, m.a. vegna tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar. Var fullyrt að vinnutími væri hvergi lengri en á Íslandi og því væri eðlilegt að stytta skilgreindan dagvinnutíma í lögum og kjarasamningum. Í ítarlegri greiningu SA kom fram að umsaminn ársvinnutími væri hvergi í Evrópu styttri en á Íslandi, að Frakklandi undanskildu. Lengri vinnutíma mætti rekja til yfirvinnu og ef leita á leiða til að stytta vinnutíma þá þyrfti fyrst að beina sjónum að yfirvinnunni.

Jafnlaunavottun

Í júní 2017 lögfesti Alþingi að fyrirtæki skyldu vottuð samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST:85. Lögin taka til fyrirtækja með 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Fyrirtæki þar sem 250 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli skulu hafa öðlast vottun fyrir árslok 2018. SA hafa birt leiðbeiningar á vinnumarkaðsvef samtakanna.

Persónuvernd

Ný lög um persónuvernd taka gildi 25. maí 2018 og er þeim ætlað að auka vernd og réttindi einstaklinga. Í því felast nýjar skyldur og auknar kröfur til fyrirtækja. SA kynntu af því tilefni ítarlegt fræðsluefni á vinnumarkaðsvef samtakanna.



UMHVERFISMÁL

Umhverfismál eru fléttuð inn í alla stefnumótun Samtaka atvinnulífsins. Fyrirtækin og samtök þeirra hafa sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi sem tryggir hag lands og þjóðar til langs tíma. Flest fyrirtæki draga úr sóun og minnka úrgang eins og frekast er unnt enda er það lykilþáttur til að ná árangri í rekstri.

Ísland er hluti af lausninni

Stærsta verkefnið næstu áratugin er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með það að markmiði að hægja á loftslagsbreytingum. Íslendingar standa framarlega á þessu sviði þar sem nánast öll raforkuframleiðsla og orka til húshitunar er úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Fjöldmörg fyrirtæki hér á landi hafa sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og náð verulegum árangri.

Íslendingar hafa einnig verið í fararbroddi þekkingar í nýtingu jarðvarma. Fjöldmörg verkefni á erlendri grundu, sem Íslendingar koma að, skipta verulegu máli við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þegar haft er í huga að raforkuframleiðsla og orka til húshitunar hér á landi er frá endurnýjanlegum orkugjöfum er óhætt að fullyrða að á Íslandi sé að finna hluta af lausninni í baráttu við loftslagsbreytingar.

Skipta má losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í tvo hluta; annars vegar losun frá fyrirtækjum sem falla undir evrópska viðskiptakerfið með losunarheimildir (ETS) og hins vegar aðra losun.

Fyrirtækin sem falla undir ETS-kerfið búa við sömu almennu reglur og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeim er gert að draga úr losun jafnt og þétt og miðast kröfurnar við þá sem bestum árangri ná á hverju sviði. Þau fyrirtæki sem undir þetta falla hér á landi eru fyrst og fremst stóriðjufyrirtækin og einnig nær kerfið til flugsamgangna innan EES. Verði losun einstakra fyrirtækja meiri en heimilt er þurfa þau að kaupa sér viðbótarheimildir á almennum markaði.

Í Evrópusambandinu hefur verið unnið að breytingum á löggjöf um losun gróðurhúsalofttegunda sem búast má við að taki gildi á þessu ári og verði hluti af EES-samningnum í kjölfarið. Ísland verður í hópi þeirra ríkja sem hvað mest þurfa að draga úr losun



til 2030. Það verður fyrst og fremst gert með breytingum í samgöngum og nýtingu endurnýjanlegrar orku.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í annað sinn 2017 og var helgaður loftslagsmálum. Ólafur Ragnar Grímsson var sérstakur gestur fundarins og flutti þar erindi.

Ólafur Ragnar kom víða við og þakkaði SA fyrir að halda umhverfisdaginn og helga hann baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Þversögnin væri sú að þrátt fyrir allar þær ógnir sem felist í loftslagsbreytingum þá felist einnig fjöldmörg tækifæri fyrir Ísland á æði mörgum sviðum. Þótt ógnin sé mikil og afleiðingarnar hrikalegar þá væri Ísland kannski eitt af örfáum löndum sem á undanförunum áratugum hafi safnað í sjóð reynslu, tækni, kunnáttu og þekkingar sem geri að verkum að æ oftar sé leitað hingað til að finna lausnirnar. Einnig hafi verið efnt til samstarfs við sérfræðinga, háskóla og fyrirtæki í því skyni m.a. á sviði umhverfismála, upplýsingatækni og orku.

Hann sagði það eiginlega ævintýri að útskýra það um aldamótin 1900 hafi búið hér 100 þúsund manns og hér hafi engar hafnir verið, engir vegir, engin orkuver og engir innviðir. Nú eru Íslendingar leiðandi á sviði orkumála. Í sjávarútvegi; veiðum, vinnslu, markaðssetningu og allri tækni eru fyrirtæki í allra fremstu röð. Glíman við eyðimörkina hér á landi, þá stærstu í Evrópu, undanfarin 100 ár hefur skilað miklum árangri. Á öllum þessum sviðum hefur Háskóli Sameinuðu þjóðanna ákveðið að stofna deildir hér á landi; sjávarútvegi, landgræðslu og jarðhita.





Íslendingar hafa náð miklum árangri við að reisa mannvirki við erfiðar veðuráðstæður sem standast ofsaveður og mikla jarðskjálfta. Þetta skapar einnig forskot á marga aðra. Íslenskt atvinnulíf er með margar greinar sem eru nánast í brennipunkti þess sem þarf að takast á við til að ná árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar. Það er tiltölulega nýtt að atvinnulíf og fyrirtæki séu komin framarlega í þessa sveit sem áður var skipuð vísindamönnum, hugsjónafólki og umhverfissinum.

Fjöldmargir stigu á svið á umhverfisdeginum. Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandair Group, Erna Eiríksdóttir forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Eimskip, Hrefna Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri hjá Elkem Ísland, Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar og Svavar Svavarsson framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá HB Granda lýstu árangri sem náðst hefur í rekstri þeirra fyrirtækja og í raun langt út fyrir eiginlegan rekstur.

Á umhverfisdeginum voru að auki haldnar tvær málstofur.

Önnur fjallaði um ábyrgar fjárfestingar og þar töluðu þau Hrefna Ösp Sigfínnsdóttir framkvæmdastjóri markaða hjá Landsbanka Íslands, Sigrún Hildur Jónsdóttir framkvæmdastjóri hjá Klöppum – grænum lausnum, Hjálmar Sigurþórsson framkvæmdastjóri hjá Tryggingamiðstöðinni, Ingvar Ingvarsson hagfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu og Ketill Berg Magnússon framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð.



Hin málstofan fjallaði um orkuskipti og orkunýtingu þar sem töluðu þau Gunnþór Ingvason framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, Margrét Ormslev fjármálastjóri Carbon Recycling International, Steingrímur Birgisson forstjóri Bílaleigu Akureyrar, Magnús Ásgeirsson innkaupastjóri eldsneytis N1 og Guðmundur Haukur Sigurðsson framkvæmdastjóri Vistorku

Umhverfisverðlaun atvinnulífsins

Landsnet fékk verðlaun á umhverfisdegi atvinnulífsins fyrir framtak ársins á sviði loftslagsmála fyrir snjallnet á Austurlandi og tók Sigrún Björk Jakobsdóttir stjórnarformaður fyrirtækisins við verðlaununum. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Verkefnið sem í ár hlýtur viðurkenningu fyrir umhverfisframtak ársins felur í sér þróun á sjálfvirkri stýringu á raforkuafhendingu fyrir sex fiskimjölsværsmiðjur á Austurlandi ásamt álagsstýringum í álverum, svokallað Snjallnet. Með inleiðingu Snjallnetsins á Austurlandi náðist verulegur árangur: M.a. aukin flutningsgeta upp á 350 GWh á ári en það er á við árlega heimilisnotkun um 85 þúsund heimila eða 170 þúsund rafbíla og einnig sparnaður neikvæðra umhverfisáhrifa upp á 90.000 tonn af kolefnislosun árlega sem er ígildi losunar frá rúmlega 50.000 bifreiðum.“

Umhverfisfyrirtæki ársins er Icelandair hótél. Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins tók við verðlaununum og sagði þá: „Umhverfismál eru hluti af daglegri starfsemi Icelandair hótela. Það eru hagsmunir hótelanna að hugsa um umhverfið og að sem flestir aðrir geri það líka. Þess vegna hafa Icelandair hótél alltaf lagt áherslu á að miðla sinni reynslu til að auka líkurnar á því að fleiri fyrirtæki taki upp sambærilegt verklag til að vernda auðlindina okkar. Um 80% af öllum ferðamönnum sem koma til Íslands koma til að sjá fallegu náttúruna okkar. Ferðaþjónustan er stærsti atvinnuvegurinn okkar í dag og því enn mikilvægara að huga að þessum málum til að stuðla að sjálfbærni Íslands til framtíðar.“

Umhverfisdagurinn og umhverfisverðlaun atvinnulífsins eru samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins, Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálaframtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu.



MENNTAMÁL

Það er skoðun SA að öflug og góð menntun stuðli að kröftugu atvinnulífi. Samtökin leggja því áherslu á menntamál í víðu samhengi. Með örum tæknibreytingum er vinnumarkaðurinn að breytast hratt. Það gefur því augaleið að nám verður að breytast einnig. Svið SA á sviðum mennta-, samkeppnishæfni, miðlunar og samskipta voru sameinuð á árinu í eitt samkeppnishæfnisvið. Hið sameinaða svið hefur beitt sér fyrir því að koma að stefnumótun og uppbyggingu menntakerfisins, bæði hins formlega menntakerfis og hins óformlega, með faglegri nálgun. Þá hafa samtökin verið virkur þátttakandi í umræðunni um þær breytingar sem framundan eru á vinnumarkaði og hafa lagt áherslu á aðkomu fyrirtækjanna að þeim.



Helstu áherslur SA í menntamálum

Framundan eru miklar breytingar á vinnumarkaði en þær tækni-breytingar sem eru að eiga sér stað munu umbylta störfum og vinnustöðum. SA hafa talað fyrir mikilvægi þess að atvinnulífið taki þátt í þessum breytingum enda ljóst að formlega skólakerfið muni ekki geta þjálfað fólk til allra verka. Sú menntun mun að miklu leyti þurfa að fara fram á vinnustöðum. Fyrirtæki verða að vera virk í að bjóða upp á sí- og endurmenntun fyrir starfsfólk sitt og hvetja það til að nýta sér þá möguleika sem þeim stendur til boða. Endurmenntunin getur tryggt að starfsmaður bregðist við þeim breytingum sem starfið tekur og nái tökum á nýrri færni eða tækni. SA hafa lagt áherslu á að sú fjölbreytta menntun og fræðsla sem fer fram í fyrirtækjunum þurfi að vera sýnileg og skráð og að vakin sé athygli á mikilvægi náms á vinnustöðum.

Samtök atvinnulífsins hafa einnig talað fyrir ýmsum betrubótum í formlega skólakerfinu. SA hafa að vel athuguðu máli lagt til styttingu grunnskólanáms. Slík breyting væri að mati samtakanna bæði til að bæta gæði náms, koma til móts við endurnýjunarvanda í kennarastétt, bæta starfskjör þeirra og starfsaðstæður og veita skólum auknið svigrúm til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Varðandi háskólanámið hafa SA lagt áherslu á mikilvægi þess að háskólar landsins séu vel fjármagnaðir og vel í stakk búnir til að veita Íslendingum góða menntun sem stenst alþjóðlegan samanburð. Í því samhengi hafa samtökin bent á að íslenskir háskólar fái umtalsvert minna fjármagn á hvern nemanda frá hinu opinbera ef borið er saman við háskóla á öðrum Norðurlöndum. Til að bregðast við þessu hafa samtökin talað fyrir breyttum aðferðum við innritun í háskóla t.d. í formi hlutlægrar aðgangsstýringar.

Að lokum tala Samtök atvinnulífsins fyrir bættu iðn- og tækninámi enda er ljóst að útskrifuðum nemendum í raungreinum, tæknigreinum og iðngreinum þarf að fjölga á komandi árum. Þetta er margþætt verkefni sem kallar á virka umræðu í samfélaginu um nám og störf enda er fjölbreytt menntun grunnur að bættri samkeppnishæfni fyrirtækja. Þar skortir ekki fé, heldur þarf fyrst og fremst að eiga sér stað hugarfarsbreyting meðal almennings.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í fimmta sinn um miðjan febrúar 2018 í Hörpu. Dagurinn var að þessu sinni tileinkaður hlutverki skólakerfis og atvinnulífs við að búa fólk undir þær tæknibreytingar sem nú standa yfir og var yfirskrift dagsins; Hvað verður um starfið þitt?

Menntadagur atvinnulífsins hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður en öll aðildarfélög SA standa með samtökunum að



deginum. Að loknu setningarávarpi framkvæmdastjóra SA flutti mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir ávarp. Á fundinum var m.a. rætt um hvaða færni yrði nauðsynleg í framtíðinni. Þá var rætt um stöðu grunnskólanna á þeim tímamótum sem við stöndum á og hvað fyrirtækin gætu gert til að bregðast við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar afhenti Iceland Travel menntaverðlaun ársins og hlaut Landsnet menntasprota ársins. Að lokinni sameiginlegri dagskrá voru haldnar málstofur þar sem kafað var djúpra í efni dagsins og var þar til umræðu annars vegar tæknileg áhrif og hins vegar framlínan - tækni, hæfni og þjónusta. Upptökur frá deginum má nálgast á vef SA.

Máltækni árið 2018 - raddstýrður veruleiki

Samtök atvinnulífsins hafa undanfarin ár barist fyrir því að íslenska verði varðveitt og talað fyrir nauðsyn þess að fólk geti notað íslensku í framtíðinni til að eiga samskipti í hinum stafrænum heimi. SA hafa átt í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið síðan 2016 um máltækniáætlun þar sem skilgreind eru markmið máltækni verkefnis framtíðarinnar. Á grundvelli þessa samstarfs hefur nú verið sett fram fimm ára verkáætlun um uppbyggingu innviða máltækninnar. Í henni er fjallað um þau tækifæri sem liggja í þróun máltækni fyrir íslensku. Til stendur að hefja áætlunina sem fyrst og í fjárlögum 2018 er gert ráð fyrir 450 milljón króna framlagi til áætlunarinnar. Háskóli Íslands, menntamálaráðuneytið og Háskólinn í Reykjavík hafa skrifað undir samstarfssamning um meistaranám í máltækni. Með því eru málvísindi, tölvunarfræði, verkfræði og fleiri greina tengdar saman.

Innan sjálfseignarstofnunarinnar Almennróms hafa háskólar, stofnanir, fyrirtæki og félag sameinast um það markmið að tryggja að íslenskan standi jafnfætis öðrum tungumálum í tækniheiminum. Það verður t.d. gert með því að skapa og þróa íslensk máltækni, t.a.m. vélrænar þýðingar, samræðukerfi, stafsetningar- og málsfarsleiðbeiningar o.fl.

Fagháskólanám eflt

Samtök atvinnulífsins hafa ásamt Alþýðusambandi Íslands mótað sameiginlega sýn um hvernig hægt sé að taka upp fagháskólastig



hér á Íslandi. Árið 2017 styrktu aðilarnir þróun þriggja verkefna á sviði fagháskólanáms í samræmi við samkomulag við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefni sem hlutu styrk eru fagháskólanám í verslunarstjórnun sem kennt er í samstarfi Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst, fagháskólanám í iðn-, verk- og tæknigreinum við Háskólann í Reykjavík og fagháskólanám í öldrunarhjúkrun fyrir sjúkraliða við Háskólann á Akureyri.

Ýmsir fundir um menntamál

Magnús Ásmundsson, forstjóri menntafyrirtækis ársins 2017, Alcoa Fjarðaáls, og Guðný B. Hauksdóttir mannauðsstjóri héldu erindi í Húsi atvinnulífsins um hvernig menntun og þjálfun innan fyrirtækisins færi fram og hverju öflugt fræðslustarf hefði skilað starfsmönnum og fyrirtækinu.

Á haustdögum var haldinn fundur í Húsi atvinnulífsins í fundaröðinni menntun og mannauður þar sem til umræðu var hvernig fyrirtækin séu námsstaðir. Kynntu fulltrúar SA Outcome kannana m.a. niðurstöður nýrrar menntakönnunar atvinnulífsins. Þar kom





fram að skipuleg fræðsla færi fram í 6 af hverjum 10 fyrirtækja. Þá sýndu niðurstöður könnunarinnar að þegar fyrirtæki réðu inn nýtt fólk skoraði starfsreynsla, menntun á viðkomandi sviði og samskiptahæfni hæst í matinu á hver skyldi vera ráðinn.

Ungir frumkvöðlar

SA styðja við alþjóðlega verkefnið Ungir frumkvöðlar. Með verkefninu er ungt fólk í framhaldsskólum hvatt til að leggja fram hugmyndir um nýjungar sem gætu orðið grunnur að fyrirtækjum. Leiðbeinendur á vegum verkefnisins hafa séð til þess að nemendur hljóti aðstoð við að þróa hugmyndir sínar og við gerð viðskiptaáætlunar. Verkefni eru kynnt á sýningu sem haldin er um vorið og eru þar bestu hugmyndirnar verðlaunaðar. Auk þess eru þær hugmyndir sem skara fram úr valdar til að taka þátt í samevrópskri keppni. Á þessum vettvangi hefur orðið til fjöldi hugmynda og verkefna sem nokkur hafa orðið að lífvænlegum fyrirtækjum.

Í byrjun janúar var haldinn kynning á verkefninu í HR þar sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, fluttu erindi. Reiknað er með að um 600 nemendur í um helmingi íslenskra framhaldsskóla muni taka þátt í verkefninu 2018 og fá tækifæri til að kynna því hvernig setja eigi á fót smáfyrirtæki og fái þar með reynslu af frumkvöðlastarfi.

Ný heimasíða HR fyrir iðnmenntaða

Íslenskt atvinnulíf kallar eftir fólki með góða verkþekkingu og það er mikilvægt að benda ungu fólki á þá fjölbreyttu möguleika sem iðn- og tækninám veitir. Eftirspurn á vinnumarkaði eftir einstaklingum með tæknigrunn, og sérhæfingu úr háskóla, er mjög mikil og á enn eftir að aukast. Því er vert að leggja áherslu á að iðnmenntun lokar engum dyrum varðandi áframhaldandi nám, heldur er þvert á móti góður grunnur fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi. Háskólinn í Reykjavík hefur opnað nýja vefsíðu um háskólanám fyrir iðnmenntaða. Tilgangurinn með síðunni er að kynna fjölbreytta möguleika þeirra sem lokið hafa iðn- og tækninámi, til háskólanáms við HR. Á síðunni eru teknar



saman upplýsingar um vinsælar námsbrautir í HR hjá fólki með iðnmenntun, leiðarvísir um hvaða inntökuskilyrði þarf að uppfylla fyrir mismunandi námsbrautir, ásamt reynslusögum nemenda sem sýna fjölbreyttan menntaferil nemenda í HR.

Stjórnir og nefndir

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins sitja víða í stjórnun og nefndum á sviði menntunar og nýsköpunar. Starfsmenn SA eru virkir þátttakendur í starfinu og beita sér fyrir því að stefnumótun styðji beint og óbeint við samkeppnishæfni fyrirtækja og að sjónarmiðum atvinnulífsins sé komið á framfæri. Má hér nefna Tæknipróunarsjóð, vísinda- og tækniráð, Háskólan í Reykjavík, fulltrúaráð Bifrastar, Samráðshóp um nám fullorðinna, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð, Vinnustaðanámssjóð og nokkra starfsmenntasjóði á borð við SVS, Starfsafl, Landsmennt og menntunarsjóð Stjórnendafélags Íslands.



JAFNRÉTTISMÁL

Samtök atvinnulífsins leggja ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og gáfu í byrjun ársins út sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Samtökin hvöttu félagsmenn sína til að gera sáttmálann að virkum þætti í daglegum rekstri fyrirtækjanna. Sáttmálinn dregur fram gildi sem minnka hættu á að einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustöðum eigi sér stað.

Samtök atvinnulífsins hafa einnig birt stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi. Þar kemur fram m.a. að það sé á ábyrgð allra starfsmanna að koma í veg fyrir einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun, bæði með eigin athöfnum og tilkynningu til yfirmanns eða mannauðsstjóra. Einnig að stefnan skuli kynnt nýjum starfsmönnum og að strax verði gripið til aðgerða ef mál koma upp.

Jafnlaunavottun

Í júní 2017 voru fest ný ákvæði í lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna (nr. 10/2008) sem skylda fyrirtæki með 25 starfsmenn og fleiri til að fá vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST:85. Fyrirtæki og stofnanir þar sem 250 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli, og stjórnarráð Íslands skulu afla vottunar fyrir lok yfirstandandi árs. Minni fyrirtæki þurfa að fá vottun á tímabilinu 2019-2021 og þau minnstu síðast. Opinberir aðilar með færri en 250 starfsmenn þurfa að afla sér vottunar fyrir árslok 2019.

Ákveðin vandamál hafa komið upp við vottun samkvæmt staðlinum. Þau tengjast aðalatriði staðalsins, sem er jafnlaunakerfið og útfærsla þess. Vottunaraðilarnir eru sérfræðingar í mörgu öðru en launa- og mannauðsmálum og ber vottunarferlið merki þess, að megináherslan er á formsatriði en ekki inntak. Þá kemur smám saman í ljós að þau tvö fyrirtæki sem hafa heimild til að votta staðalinn hafa ekki getu til að þjónusta 1.200 nýja viðskiptavini til viðbótar við þau 150 fyrirtæki sem þau hafa hingað til vottað samkvæmt öðrum stöðlum. Við þessu vöruðu SA, m.a. í umsögn um frumvarpið um lögfestingu staðalsins. Alls ekki er ljóst hvernig þessi vandi verður leystur.

Umönnunarbilið

Rannsóknir sýna að barneignir hafa jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð á laun kvenna. Kannanir sýna að eftir barneignir eru konur talsvert lengur frá vinnu en karlar. Mæður barna, sem fá innritun í leikskóla við 12 mánaða aldur, eru níu og hálfan mánuð frá vinnumarkaði en karlar tvo og hálfan. Börn innritast á leikskóla við 20 mánaða aldur að jafnaði.

Lengri fjarvera kvenna en karla frá vinnumarkaði í kjölfar barneigna hefur afleiðingar fyrir starfsframa þeirra. Í samfélagi jafnra tækifæra ættu foreldrar að geta valið hvernig þau haga fjarveru sinni frá vinnumarkaði. Jafna má stöðu kynjanna með auknu framboði dagvistunarúrræða eftir að fæðingarorlofi lýkur. Það myndi stuðla að jafnari launum kynjanna, auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum og gera þeim kleift að sækja fram á fleiri sviðum.

SA hafa lagt til að grunnskólaganga hefjist við fimm ára aldur. Þannig má lækka dagvistunaráldur og tryggja öllum börnum dagvistun að afloknu fæðingarorlofi. Nú neyðast foreldrar gjarnan til að taka launalaust leyfi frá störfum og þá oftast konur en karlar. Þær missa því af tækifærum og það hægir á starfsframvindu þeirra og launaþróun.

Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Markmiðið með verðlauninum er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti í öndvegi og um leið hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama. Að hvatningarverðlauninum standa auk Samtaka atvinnulífsins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð.





Verðlaunin 2017 hlaut Vodafone en í umsögn dómnefndar sagði meðal annars: „Vodafone hefur unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í karllægum geira á öllum sviðum fyrirtækisins. Karlar séu markvisst ráðnir í deildir þar sem konur eru ráðandi og öfugt. Á þann hátt telur fyrirtækið að hægt sé að sporna við myndun svokallaðra karla- og kvennastarfa. Það sé skýr stefna fyrirtækisins að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum og ber kynningarefni þess skýr merki um það að fyrirtækið hefur lagt sitt af mörkum til að uppræta staðalmyndir í þjóðfélaginu og markaðsefni sínu. Sem stórt fyrirtæki á íslenskum tæknimarkaði er það til fyrirmyndar í jafnréttismálum.“

Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone sagði við þetta tilefni: „Mikilvægt er að skapa menningu jafnréttis á vinnustaðnum og því verkefni verður seint lokið. Við höfum gert fjölmargt hjá Vodafone til að stuðla að og styrkja jafnréttið og næst ætlum við að þróa áfram sérstaka fjölskyldustefnu. Nútímafyrirtæki þurfa að viðurkenna að starfsfólkið hefur fleiri skyldum að gegna en bara gagnvart vinnu.“

Íslandsbanki, Orkuveita Reykjavíkur og Rio Tinto Alcan hafa áður hlotið hvatningarverðlaun jafnréttismála.



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Þeim hefur fjölgað ört sem hafa skrifað undir Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Seltjarnarnes skrifaði undir sáttmálann í upphafi ársins fyrst bæjarfélaga á Íslandi og skipaði sér þar með í röð framsækinna og ábyrgra bæjarfélaga víðs vegar um heiminn.



„Við stefnum að því að Seltjarnarnes verði í fremstu röð meðal vistvænna sveitarfélaga á Íslandi,” sagði Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri af því tilefni.

Alþjóðleg hreyfing

Global Compact Sameinuðu þjóðanna er öflugasta framtakið á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni í heiminum. Alls hafa um fjórtán þúsund aðilar skrifað undir Global Compact, þar af eru tæplega tíu þúsund fyrirtæki og um fjögur þúsund ólíkir aðilar sem stefna að sama marki, borgir, bæjarfélög, háskólar, félagasamtök og fleiri.

Meðal íslenskra fyrirtækja sem taka samfélagsábyrgð föstum tókum og skrifuðu nýlega undir sáttmálann má nefna Eimskip og HS Orku. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til

að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað hjá þeim.

Samtök atvinnulífsins eru tengiliður Íslands við Global Compact en Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum árið 2000 eftir að Kofi Annan lagði til við viðskiptaleiðtoga heimsins í Davos í Sviss að atvinnulífið og Sameinuðu þjóðirnar gerðu með sér sáttmála um ábyrgt atvinnulíf.

Fjárfest í framtíðinni

Samtök atvinnulífsins, Íslandsstofa, Festa og norrænt net Global Compact efndu til opins morgunfundar í desember um hvernig Global Compact og 17 heimsmarkmið SP um betri heim geta



opnað fyrirtækjum leið inn á nýja markaði á sama tíma og þau sýna samfélagsábyrgð í verki.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fjallaði um ábyrgt atvinnulíf. Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri markaða hjá Landsbankanum, fjallaði um ábyrgar fjárfestingar. Hildigunnur Engilbertsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins ræddi um heimsmarkmið SP og Ísland.

Þá fengu gestir að heyra reynslusögur. Ingunn Ólafsdóttir, mannaútsstjóri EFLU verkfræðistofu og Hrönn Ingólfsdóttir, forstöðumaður Verkefnastofu Isavia sögðu frá reynslu fyrirtækjanna af Global Compact.



Fundurinn var vel sóttur en honum stýrði Ragna Sara Jónsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri FÓLK. Að fundi loknum var boðið upp á vinnustofu um samfélagsábyrgð. Þar voru kynnt hagnýt tæki og tól til að vinna með Global Compact og samfélagsábyrgð fyrirtækja. Erika Eriksson frá sænska ráðgjafafyrirtækinu Enact stýrði vinnustofunni.

„Mig langaði ekki til að dansa í Kreml“

Sigríður Snævarr, fyrsti kvensendiherra Íslands, flutti áhrifamikið ávarp í kauphöll Nasdaq á Íslandi á Alþjóðadegi kvenna. Í kjölfarið hringdi hún bjöllu kauphallarinnar í þágu jafnréttis. Erindi Sigríðar má lesa í heild á vef SA.



Á ÍSLANDI HAFNA EFTIRFARANDI AÐILAR SKRIFAÐ UNDIR GLOBAL COMPACT.

HS Orka, Seltjarnarnesbær, Eimskip, Klappir Grænar Lausnir, Arion banki, Mannvít, Isavia, Efla, Sólar, Marel, Arctic Green Energy, Réttur, Landsvirkjun, Reykjaröður, Ölgerðin, Síminn, Festa, Össur, Íslandsbanki, Íslandsstofa, Íslandspóstur, Alta og Landsbankinn.



Viðburðurinn var samstarfsverkefni 50 kauphalla Nasdaq út um allan heim, UN Women og Global Compact, í erindi sínu sagði Sigríður m.a.:

„Ég var 27 ára gömul og starfaði sem staðgengill sendiherra við sendiráðið okkar í Sovétríkjunum. Í tilefni dagsins sem við höfðum aldrei áður heyrt um, 8. mars, héldum helst að Stalín hefði fundið hann upp, var sendiherrafrúnni íslensku og erlendum sendiherrafrúm boðið að mæta í Kremli og dansa við hina 72 ára gömlu forsetafrú Sovétríkjanna, Breznevú og aðrar eiginkonur valdamanna í Kremli! Karlar í valdastéttinni, Nomenklatúrinni sem stjórnáði öllu – öllu, viðskiptum einstakra fyrirtækja, lagasetningu, réðu því hverjir máttu rita bækur, mála málverk eða sleppa við Gúlagið - öllu í Sovétríkjunum í nafni stöðnunar og andstætt me too, time's up, ég er hér og Ísland líka.

Þetta var algjör afskræming. Baráttukonur fyrir óbreyttu ástandi dönsuðu þarna í Kremli, enda höfðu þær allt að vinna, eigin stöðu og framtíð barna sinna, bara góði guð, bara að ekkert breyttist. Erlendu sendiherrafrúnar misnotaðar til að gefa þessum

fáránlega dansi alþjóðlegt yfirbragð. Illa með þær farið, því þeirra á meðal voru konur sem auðveldlega hefðu getað haslað sér völl sjálfar. Myllumerkið Status Quo, baráttan fyrir vígorðinu „breytum engu“.

Ég hló ekki bara að tilhugsuninni um dansinn, ég tók þetta nærri mér. Margir sem voru mér svo kærir, þar með taldir miklir og glæsilegir feministar, höfðu aðhyllt kommúnismann og fyrirgefið margt, vegna þess einmitt að konurnar í Sovétinu höfðu svo öflug stöðu! En það var nú öðru nær. Meðan hinar öflugur sovésku konur af áróðursspjöldunum voru að bora í vegg, hamast úti á götu með loftborana, vinna á lyftara, vinna á skurðgröfu ... minnir smá á lagið hennar Röggú Gísla, dönsuðu frúnar. Hetjurnar ... konurnar sem alls staðar voru til sýnis á áróðursspjöldum falsfréttanna réðu þær einhverju? Ó, nei, ekki nokkrum sköpuðum hlut og síst af öllu yfir eigin líkama, skutlað í fóstureyðingu til að komast á vaktina á lyftaranum. Í fyrirmyndarríki feminismans réðu konur engu.

Mig langaði ekki til að dansa í Kremli.“

SÁTTMÁLI GEGN EINELTI, ÁREITNI OG OFBELDI

Öryggiskennd og góður starfsandi skipta sköpum fyrir vellíðan starfsmanna. Á vinnustaðnum eigum við góð samskipti og virðum eftirfarandi sáttmála.

Við þekkjum stefnu og viðbragðsáætlun fyrirtækisins gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi og erum meðvituð um skyldur okkar.

Við líðum ekki einelti, áreitni eða ofbeldi, beitum því ekki og vitum að meðvirkni með geranda getur skaðað starfsmenn og vinnustað okkar.

Við berum sameiginlega ábyrgð á vinnuumhverfinu og leggjum okkar af mörkum til að bæta það enn frekar.

Við erum ólík, með mismunandi bakgrunn og lífsskoðanir, en sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum.

Við skiljum að upplifun af samskiptum er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.

Við ræðum um framkomu sem okkur mislíkar og tökum upp varnir fyrir þá sem brotið er gegn.

Við tökum tillit til ábendinga um að við getum bætt framkomu okkar.

Við sýnum öðrum kurteisi og virðingu í öllum samskiptum.

SÁTTMÁLI GEGN EINELTI, ÁREITNI OG OFBELDI

Samtök atvinnulífsins kynntu í upphafi ársins sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi. SA hvetja starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja til að gera gildi hans hluta af daglegum rekstri. Sáttmálann má nálgast á vef SA á slóðinni www.sa.is/sattmali

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, tók fyrstur stjórnenda við sáttmálanum en fjölmörg fyrirtæki hafa gert sáttmálann að sínum og hengt hann upp á veggi þannig að hann sé sýnilegur öllum hringinn í kringum landið til að minna á mikilvægi þess að tryggja vellíðan á vinnustöðum, öryggiskennd og góðan starfsanda.





EFNAHAGSMÁL


Árið 2017 var gott ár í efnahagslegu tilliti. Hagvöxtur mældist 3,6%, verðbólga var áfram undir markmiði Seðlabankans og kaupmáttur heimila hélt áfram að aukast. Viðskiptaafgangur þjóðarbúsins nam 4% af landsframleiðslu og hrein eign Íslendinga erlendis óx. Þjóðhagslegur sparnaður er óviða meiri meðal ríkja OECD og hefur fjórfaldast á aðeins sjö árum. Þrátt fyrir góðan gang í efnahagslífinu eru blikur á lofti og útlit er fyrir að hægja muni hraðar á hagkerfinu en gert hefur verið.

Góður gangur á hagkerfinu

Landsframleiðslan jókst að raungildi um 3,6% á árinu 2017 sem er þokkalegur hagvöxtur í alþjóðlegum samanburði þó hann sé heldur minni en á árinu 2016. Mikill vöxtur var í innlendri eftirspurn og einkaneysla var helsti drifkraftur hagvaxtar á árinu. Áhrif utanríkisviðskipta á hagvöxt voru þó neikvæð og munar þar um verulegan samdrátt í vexti útflutnings á sama tíma og innflutningur tók við sér í takti við vaxandi eftirspurn í innlendum þjóðarbúskap.

Hagvöxtur í Evrópu


Hagvöxtur í völdum löndum Evrópu, árið 2017



Frá því að núverandi uppsveifla hóst í ársbyrjun 2011 hefur efnahagslífið vaxið um 28%, útflutningur 50% og þjóðarbúið skilað 670 milljörðum króna í gjaldeyristekjur. Í dag samsvara útflutningstekjur þjóðarbúsins um helmingi af landsframleiðslu en var áður um þriðjungur. Íslensk heimili, fyrirtæki og hið opinbera hafa nýtt núverandi uppsveiflu til að greiða niður skuldir og er þjóðhagslegur sparnaður nú einn sá mesti meðal OECD ríkja. Hefur hann fjórfaldast frá árinu 2010. Þetta er einstök staða og verulega ólík stöðu sem uppi var í íslensku hagkerfi árið 2007 þegar hápunkt sýndu uppsveiflu var náð. Uppsafnaður viðskiptajöfnuður á þensluárunum 2003-2007 var neikvæður um 775 milljarða króna og í lok árs 2007 var skuldastaða þjóðarbúsins orðin ósjálfbær og þjóðhagslegur sparnaður í sögulegu lágmarki. Þegar þensluárin síðustu eru borin saman við stöðuna nú þá blasir við hversu sterk undirliggjandi staða þjóðarbúsins er.


Viðskiptajöfnuður

Hlutfall vergrar landsframleiðslu (2000-2017)



Hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins


Hlutfall vergrar landsframleiðslu (2000-2017)



Viðsnúningur framundan?

Þó enn sé góður gangur í efnahagslífinu og spár geri ráð fyrir áframhaldandi hagvexti eru blikur á lofti. Núverandi uppsveifla mun taka enda og bera tölur Hagstofunnar þess merki að sú aðlögun sé þegar hafin. Hagvöxtur á seinni hluta ársins 2017 var t.a.m. 2,5% samanborið við 10,5% hagvöxt á sama tíma árið 2016. Viðsnúningurinn hefur því verið hraður en mestu munar um hversu hratt hægir á fjölgun ferðamanna.


Þjóðhagslegur sparnaður OECD ríkja á árinu 2017 – % af landsframleiðslu



Heimild: AGS

Hagvöxtur á Íslandi

Raunbreyting á landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands

Peningastefnan enn rekin í skjóli hafta

Á árinu 2017 voru mikilvæg skref stigin þegar fjármagnshöft voru afnumin á útlæði fjármagns á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði. Haftaaflettingunni var vel tekið bæði innanlands og utan, á mörkuðum, í fjölmiðlum og hjá flestum öðrum sem um málið fjölluðu enda löngu tímabært skref. Í kjölfarið hækkaði láns hæfiseinkunn ríkissjóðs sem hafði jákvæð áhrif á fjármögnunarkostnað ríkissjóðs og annarra innlendra fyrirtækja á erlendri grundu.


Þó útlæðishöftin séu á bak og burt þá er landið ekki án hafta. Innflæðishöftum var komið á í júní 2016 og standa í meginatriðum í sömu mynd enn í dag. Tilgangur haftanna var fyrst og fremst að hindra innflæði erlends fjármagns til landsins sem ætlað er að vera hér í skemmri tíma og njóta á meðan mikillar ávöxtunar vegna hárra vaxta. Höftin hafa þó mun víðtækari áhrif enda er

Verðbólga undir markmiði í fjögur ár samfleytt

Þrátt fyrir að launhækkanir hafi verið margfalt meiri á Íslandi en í viðskiptalöndunum árið 2017 var verðbólga svipuð. Skýringin liggur í hagstæðri þróun viðskiptakjara og áframhaldandi styrkingu krónunnar. Verðbólga mældist að meðaltali 1,8% á árinu og hélst því áfram undir markmiði Seðlabankans. Sé horft framhjá áhrifum húsnæðisliðar þá mældist hins vegar 2,2% verðhjöðnun á síðasta ári, m.ö.o. þá lækkuðu neysluvörur í verði á árinu. Mikil umræða var á árinu um framboðsskort á húsnæðismarkaði en slíkur skortur ýtti undir verðhækkanir á íbúðamarkaði og þ.a.l. verðbólgu samkvæmt verðmælingum Hagstofunnar. Verðbólgan hefur engu að síður verið undir markmiði Seðlabankans frá ársbyrjun 2014 eða í rúmlega fjögur ár samfleytt. Gangi verðbólguþá Seðlabankans eftir er gert ráð fyrir að verðbólgan verði áfram í kringum markmið næstu árin.

Verðbólga með og án húsnæðisliðar

Ársbreyting á vísitölu neysliverðs (2001-2017)



Heimild: Hagstofa Íslands




skammtímafjárfesting illa skilgreinanleg og því erfitt að takmarka höftin við slíkar fjárfestingar en einnig að koma í veg fyrir að komist sé framhjá höftunum með fjárfestingum sem þau ná ekki til. Slík aðgerð veldur tjóni fyrir alla og er þvert á ráðleggingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Er innflæðishöftum hvergi beitt í þeim ríkjum sem við viljum bera okkur saman við. Mikilvægt er að skrefið verði stigið til fulls og innflæðishöft afnumin hið fyrsta enda eru slík höft skaðleg og kostnaðarsöm þar sem þau draga úr virkni markaða og takmarka verðmætasköpun.

Skapa þarf svigrúm til skattalækkana

Árið 2017 urðu þær jákvæðu breytingar á íslensku skattkerfi að milliprep tekjuskatts einstaklinga var fellt út og lægsta þrepið lækkað. Eftir stendur einfaldara og betra skattkerfi. Olli það því miklum vonbrigðum undir lok árs þegar núverandi ríkisstjórn lagði fram frumvarp til fjárlaga og tekjuöflunar ríkissjóðs fyrir komandi ár að engar skattbreytingar voru boðaðar aðrar en skattahækkanir. Skattheimta á Íslandi er nú þegar ein sú mesta meðal þróaðra ríkja og veldur því forgangsroðun ríkisstjórnarinnar á fyrstu dögum sínum í stjórnarráðinu verulegum vonbrigðum.


Raunstyrivextir á Íslandi og hjá helstu viðskiptalöndum Íslands
%, febrúar 2018, styrivextir mínus verðbólga



Stjórnvöld hafa leyft sér í skjóli mikils hagvaxtar á undanförunum árum að auka verulega opinber útgjöld. Eru opinber umsvif nánast hvergi meiri meðal OECD ríkja. Nær allar skattahækkanir eftir 2008 standa óhreyfðar og hvergi innan OECD dregur hið opinbera meira til sín í forni skatttekna en á Íslandi. Ísland er háskattaríki í alþjóðlegum samanburði. Ekki verður unnt að lækka skatta á fólk og fyrirtæki fyrr en hið opinbera dregur úr umsvifum sínum en talsverð tækifæri eru fólgin í því að forgangsraða betur innan þess ríflega útgjaldaramma sem þegar er úr að spila. Huga þarf að öðrum leiðum til að auka skilvirkni og tryggja eftirfylgni við veitingu fjárheimilda. Tryggja þarf að skattfé landsmanna sé vel nýtt á hverjum tíma og standi vilji stjórnvalda raunverulega til þess að draga til baka skattahækkanir eftirhrunsáranna þá þarf að ráðast í slíkar aðgerðir á meðan skattstofnar eru enn sterkir.

Topp tíu háskattaríki innan OECD¹

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2016, sem hlutfall af VLF



¹ Skattar að frádrögnum tryggingagjöldum til almennatrygginga.


Heimildir: Macrobond, útreikningar SA

Grefur undan samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja

Gengisstyrking krónunnar síðustu ár ásamt verulegum launahækkunum, margfalt á við það sem gengur og gerist erlendis hafa lagst á eitt við að grafa undan samkeppnisstöðu þjóðarþúsins. Raungengi krónunnar var í lok árs 2017 komið á svipaðar slóðir og tíu árum fyrr á hápunkti síðustu uppsveiflu. Staðan er þó mun betri nú enda hafa gagngerar breytingar orðið á íslensku efnahagslífi samfara uppgangi útflutningsgreina. Útflutningsgreinar hafa vaxið og eru orðnar fjölbreyttari og fleiri. Þjóðarþúið viðheldur því jafnvægi við hærri raungengi en áður. Víða leynast þó viðvörunarljós um þessar mundir og ljóst að margar útflutningsgreinar eru komnar að þolmörkum. Ljóst að frekari gengisstyrking krónunnar eða launahækkar, margfaldar á við það sem gengur og gerist í samkeppnisríkjum okkar, er ekki sjálfbær þróun. Á endanum mun slíkt valda útflutningsgreinum verulegum búsifjum og skila sér í minni hagvexti og lakari lífskjörum en ella.

Raungengi á mælikvarða launa

Vísitala 2000 = 100



Heimild: Seðlabanki Íslands

1.000 milljarða áskorun á næstu 20 árum


Öflugur hagvöxtur í samfleytt sjö ár hefur verið drifinn áfram af útflutningsgreinum. Erlendar tekjur þjóðarþúsins hafa vaxið markvert og er nú viðvarandi viðskiptaafgangur í stað erlendar skuldasöfnunar. Íslenskar hagtölur tala sínu máli og hefur staða þjóðarþúsins sjaldan staðið á traustari grunni. Árangurinn er ótrúlegur í ljósi þess að fyrir aðeins nokkrum árum blasti við alvarlegur skuldavandi eftir framúrkeyslu síðustu uppsveiflu.

Útflutningsgreinar standa nú undir ríflega helmingi allrar verðmætasköpunar efnahagslífsins og hvílir áframhaldandi velgengi á því að vöxtur þeirra sé vel tryggður. Eigi íslenska efnahagslífið að vaxa áfram á sama hraða og að meðaltali síðustu áratugi, og útflutningsgreinar að halda sínu vægi í verðmætasköpuninni, þurfa útflutningsverðmæti að vaxa um 1.000 milljarða á næstu 20 árum. Gerir það um 50 milljarða á ári eða 1 milljarð á viku.

Óumdeilt er að efnahagsleg velsæld byggir á vexti útflutningsgreina og nægir að horfa til núverandi hagvaxtarskeiðs og þess sem áunnist hefur. Á komandi árum verður talsverð áskorun að treysta samkeppnisstöðu þjóðarþúsins eftir mikinn vöxt síðustu ára. Árið 2017 var gott ár og útlit fyrir að árið 2018 verði það líka. Til þess að svo geti orðið verður þó sýna vilja í verki með ábyrgri hagstjórn sem samræmist núverandi stöðu efnahagslífsins og þeirra áskorana sem við því blasa.

Vöxtur útflutningstekna ef viðhalda á 3% hagvexti til ársins 2036

Milljarðar íslenskra króna (á verðlagi ársins 2016)



Heimildir: Macrobond, útreikningar SA

SAMKEPPNISHÆFNI

Samkeppnishæfnisvið Samtaka atvinnulífsins vinnur að því að rekstrarumhverfi íslensks atvinnulífs sé eins og best verði á kosið og að það standist alþjóðlegan samanburð. Samkeppnishæfnisvið vinnur markvist að hagsmunagæslu í þágu aðildarfyrirtækja þannig að framleiðni og verðmætasköpun fyrirtækjanna geti aukist. Með ritun umsagna og vöktun nýrra reglna sem varða atvinnulífið gæta samtökin að því að því að rödd atvinnulífsins fái að hljóma.



Samtök atvinnulífsins fá á hverju ári fjölmörg mál til umsagnar. Mál berast frá Alþingi, ráðuneytum, stofnunum sem og fyrirtækjum. Það er hlutverk samkeppnishæfnisviðs að standa vaktina þegar nýjar reglur eru settar er varða rekstrarskilyrði fyrirtækja og atvinnulífið í heild sinni. Auk þess taka SA mál oft upp að eigin frumkvæði og senda inn umsagnir um ýmis mál. Málin eru fjölbreytt og varða umhverfismál, jafnréttismál, fjármál, samgöngumál og svo mætti lengi telja. Finna má umsagnir SA fyrir árið 2017 á vef Samtaka atvinnulífsins.

Tilkoma nýrrar samráðsgáttar hefur auðveldað hagsmunaaðilum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fyrri stigum máls. Gáttin eykur gagnsæi og eykur möguleika SA á að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila. Fulltrúar SA vakta gáttina náð og gæta þess að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri.

Íþyngjandi regluverk

Því miður gerist það oft að löggjöf sem varðar atvinnulífið er meira íþyngjandi en þörf er á. Samkeppnishæfnisvið hefur sérstaklega

beitt sér gegn þessu og að brugðist sé við þegar slíkt á sér stað. Nýjar reglur eiga gjarnan uppruna sinn í ESB-tilskipunum sem Íslandi ber skylda til að innleiða á grundvelli EES-samningsins. Reglurnar eru oft innleiddar með meira íþyngjandi hætti en kröfur í tilskipunum gefa tilefni til og verða þannig gullhúðaðar. Til að gæta að einsleitni innan EES er mjög mikilvægt að ekki sé gengið lengra í innleiðingu reglna en nauðsyn ber til og að ekki séu settar meira íþyngjandi reglur hér á landi en annars staðar.

Opinbert eftirlit

Samtök atvinnulífsins hafa fylgst með hvernig opinberu eftirliti með starfsemi fyrirtækjanna er háttað og hafa talað fyrir því að stjórnvöld einfaldi opinbert eftirlit. SA hafa þá verið talsmenn fyrir því að þeim tilvikum þar sem þörf er á leyfi stjórnvalda til að hefja atvinnustarfsemi sé fækkað en í stað þessi verði nægjanlegt að tilkynna um að viðkomandi starfsemi sé hafin.

SA eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem starfar samkvæmt lögum frá árinu 1999. Nefndinni er ætlað að fylgjast með að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er á fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin á að fylgjast með að viðkomandi stjórnvald hafi metið þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Matið getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Nefndin tók þátt í undirbúningi að nýrri





samráðsgátt. Gáttin er dæmi um breytta vinnuhætti til hins betra og er í anda þeirra verkefna sem nefndin hefur kallað eftir. Auk þess kom nefndin að því að semja tvö eyðublöð sem stjórnvöld verða nú að fylla út þegar nýjar reglur eru samdar. Eyðublöðin eiga að auðvelda almenningi að skilja markmið lagasetningarinnar og hvaða áhrif stjórnsýslan telur að hún hafi.

Ný löggjöf um persónuvernd

Persónuvernd er mikilvæg og varðar alla landsmenn og þúsundir fyrirtækja. Samtök atvinnulífsins hafa fylgst náið með innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar Evrópusambandsins (ESB), sem nefnist GDPR (e. General Data Protection Regulation). Nú liggur fyrir frumvarp til nýrra persónuverndarlaga þar sem reglugerðin verður innleidd. Hafa samtökin skilað inn umsögn um frumvarpið og leggja áherslu á að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er við innleiðingu reglugerðarinnar og að ekki verði gerðar frekari kröfur á íslensk fyrirtæki en þörf krefur. Auk þess hafa samtökin talað fyrir mikilvægi þess að lögin taki gildi fyrir 25. maí nk. á sama tíma og reglugerðin tekur gildi innan ESB enda eru miklir hagsmunir í húfi er varða íslenskt atvinnulíf.

Tryggingagjald

Tryggingagjald er launatengt gjald sem atvinnurekendum ber að standa skil á vegna launakostnaðar í atvinnurekstri. Það kemur því til viðbótar við laun, greiðslur í lífeyrissjóð og annan launatengdan kostnað. Tryggingagjaldið var hækkað tímabundið árin 2009 og 2010 til að mæta tekjutapi ríkissjóðs í kjölfar efnahagskreppunnar og til að mæta auknu atvinnuleysi. Síðan hafa forsendur breyst og atvinnuleysi minnkað. Nú er hluti gjaldsins því nýttur til annarra og óskyldra útgjalda ríkissjóðs og því eðlilegt að það lækki. Lækkun gjaldsins er mikilvægur liður í að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja og gera þeim kleift að mæta kröfum vinnumarkaðarinnar um launahækkningar sem og auknu framlagi í lífeyrissjóði.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar kemur fram að til standi að lækka tryggingagjaldið en þó er ekki tekið fram hversu mikið eða hvenær. Loforð voru gefin um að gjaldið yrði lækkað um 1,5 %, en

aðeins 0,5% lækkun varð um mitt ár 2016. Samtök atvinnulífsins hafa því talað fyrir að gjaldið verði lækkað um 1% til viðbótar. Gjaldið mun skila um það bil 100 milljörðum króna til ríkisins á þessu ári.

Samkeppnismál

Samtök atvinnulífsins hafa, í samráði við Viðskiptaráð Íslands og Lögmannafélag Íslands, hafist handa við undirbúning á útgáfu leiðbeininga í samkeppnisrétti sem til stendur að komi út í apríl 2018 og muni þjóna sem leiðarvísir um helstu atriði samkeppnisréttar sem þarf að hafa í huga við rekstur fyrirtækja. Að auki stendur yfir undirbúningur á innleiðingu nýrrar samkeppnisstefnu Samtaka atvinnulífsins en vonir standa til að aukning verði á innra og ytra fræðslustarfi SA og aðildarsamtaka þeirra um samkeppnismál.

Einfaldara skattkerfi

Samtök atvinnulífsins hafa barist fyrir því að skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja eigi að vera einfalt, fyrir sjáanlegt og til þess fallið að hvetja til fjárfestinga og auka fjölbreytni atvinnulífsins. Nýlega var fjármagnstekjuskattur hækkaður í 22% en jafnframt átti að endurskoða skattstofninn. Hækkun skattsins kemur verst niður á fyrirtækjum sem þarfnast mikils fjármagns. Fjárfestar horfa til þess hver arðsemi fjárfestinga þeirra verður eftir skatta. Sé fjármagnstekjuskattur hækkaður verða færri verkefni arðbær og því dregur úr sparnaði og þar með fjárfestingu. Minni fjárfesting þýðir færri störf, dýrari rekstur og það leiðir til samdráttar.

Brexit

Samtökin hafa fylgst náið með samningaviðræðum Breta vegna útgöngu þeirra úr Evrópusambandinu (BREXIT) enda ljóst að niðurstaðan mun hafa mikil áhrif á íslenskt atvinnulíf. Þar hafa helst verið til umræðu þrjú álitafni: Útgöngusamningur Breta, aðlögunartímabil og síðan hvernig samband Bretlands við Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið muni vera háttað í framtíðinni.

Bætt umhverfi fyrir nýsköpun

SA tala fyrir því að hér verði rekstrarumhverfi sem hvetji til nýsköpunar og frumkvæðis. Á þeim grundvelli hafa samtökin beitt sér fyrir því að staðið verði við áform um að endurmeta fyrirkomulag á endurgreiðslu vegna rannsókna og þróunar og að afnema eigi þak á endurgreiðslum.

Til umhugsunar

Um miðjan nóvember hófu efnahags- og samkeppnishæfnisvið útgáfu á reglulegum, stuttum pistlum undir yfirskriftinni Til umhugsunar. Sjó pistlar voru birtir í nóvember og desember um margvísleg efni; gátlisti fyrir næstu ríkisstjórn, um styttingu grunnskólans, fjármögnun háskólanna, kostnað við stjórnarsáttmálann, fasteignamarkaðinn, fjárlög 2018 og leigubílamarkaðinn.

LÍFLEGT Á LITLA ÍSLANDI

Litla Ísland er vettvangur þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki vinna að stórum hagsmunamálum. Það hefur verið einstaklega líflegt á Litla Íslandi á starfsárinu en í nóvember og desember 2017 var boðið upp á fimm opna fræðslufundi í Húsi atvinnulífsins um farsælan rekstur fyrirtækja. Markaðsmál, straumlírustjórnun, helstu samningar í fyrirtækjarekstri, markmiðasetning og bókhald var þar meðal annars til umfjöllunar.

Bjarki Pétursson, sölu og markaðsstjóri hjá Zenter, Lárus G. Lúðvígsson, ráðgjafi hjá KPMG, Inga Björg Hjaltadóttir, héraðsdómslögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur og ráðgjafi og eigandi hjá Attentus, Leifur G. Hafsteinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Hagvangs og Inga Jóna Óskarsdóttir formaður félags bókhaldsstofa gáfu eigendum og stjórnendum minni fyrirtækja góð ráð í áhugaverðum og fjölbreyttum fyrirlestrum.

Einnig var boðið upp á námskeið um starfsmannamál og kjarasamninga, bæði á Akureyri í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og í Reykjavík. Kristín Þóra Harðardóttir, lögmaður á vinnumarkaðssviði SA, fjallaði um vinnutíma, uppsagnarfrest, veikindarétt, orlof og brottlaup úr starfi. Boðið verður upp á sambærileg námskeið út um land allt vorið 2018.

Smáþing 2018

Smáþing var haldið í byrjun febrúar en þar var sérstaklega horft til markaðsmála lítilla og meðalstórra fyrirtækja auk þess sem nýjar hagtölur Litla Íslands voru birtar. Heildarlaunagreiðslur lítilla og meðalstórra í atvinnulífinu námu rúmlega 530 milljörðum króna árið 2016 og jukust um 78% frá árinu 2010. Einnig kom í ljós að fyrirtæki með 1-9 starfsmenn eru mjög mikilvæg í íslensku atvinnulífi. Árið 2016 greiddu þau rúmlega 143 milljarða króna í laun og borguðu rúmlega 37 þúsund manns laun. Í hagskýrslum eru þessi fyrirtæki kölluð örfyrirtæki en það er sannarlega ekkert smátt þegar kemur að umfangi þeirra í hagkerfinu og mikilvægt að hlúa vel að þeim.

Forsætisráðherra Íslands, Katrín Jakobsdóttir, setti þingið en þátt tóku Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Guðmundur Arnar Guðmundsson, markaðsstjóri

Íslandsbanka og stundakennari við HR, Hlynur Þór Árnason, sölu- og markaðssérfræðingur hjá Ghostlamp, Eva María Þórarinsdóttir Lange, stofnandi og eigandi Pink Iceland, Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Einstök Ölgerð, Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri Omnom og Hanný Inga Birschbach, þjónustustjóri Eldum rétt.

Sérstaklega var horft til þess hvernig hægt væri að ná árangri með öflugum markaðsstarfi og notkun samfélagsmiðla. Ný könnun sýndi að rúmlega sex af hverjum tíu lítilla og meðalstórra fyrirtækja verji innan við 10% af markaðsfé sínu til birtinga á samfélagsmiðlum en Facebook trónir á toppnum sem helsti miðill þeirra sem nýta sér samfélagsmiðlana.

Guðný Helga Herbertsdóttir, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar hjá VÍS, stýrði þinginu.

Stóra lausnin er smá

Það er mikið í húfi að hlúa vel að starfsumhverfi lítilla fyrirtækja. Könnun Litla Íslands sem kynnt var á Smáþingi sýndi að það er hugur í eigendum lítilla fyrirtækja. Störfum mun fjölga um 4.500 á næstu árum ef svör stjórnenda fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn endurspeglar áform sambærilegra fyrirtækja í atvinnulífinu öllu. Þessi fjölgun starfa mun auka launagreiðslur 25 milljarða.

Það er því til mikils að vinna fyrir allt samfélagið, ekki síst hið opinbera þar sem skatttekjur aukast um 15 milljarða á ári vegna þessarar tekjuaukningar. Það má því segja að besta viðskipta-áætlunin sem býðst Íslendingum í dag sé að bæta starfsumhverfi fyrirtækjanna svo þau geti vaxið og dafnað.





4.500 ný störf þýða ...

- Launagreiðslur hækka um 25 milljarða
- Tekjur hins opinbera af tekjuskatti og útsvari hækka um 10 milljarða m.v. ca. 40% skatt
- Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi hækka um 1,8 milljarða
- Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hækka um 3 milljarða vegna aukinnar neyslu

Smáþing Litla Íslands var afar vel sótt en vel á fjórða hundrað manns tóku þátt í því og um 1.500 horfðu á beina útsendingu á vefnum. Upptökur frá Smáþingi má nálgast í Sjónvarpi atvinnulífsins og allt efni sem lagt var fram á þinginu er aðgengilegt á vef SA.

Ítarlegar upplýsingar um vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja má einnig nálgast á vef SA.

Leyndarmál Öldu Karenar

Samtök fjármálafyrirtækja og Litla Ísland tóku höndum saman í mars 2018 og buðu til opins fyrirlesturs, í Arion banka, með Öldu Karen Hjaltalín, markaðsstjóra Ghostlamp. Þar fjallaði hún um sölu, markaðssetningu og lífið sjálft. Mikill áhugi var á fundinum og tók aðeins sólarhring að fylla ráðstefnusal bankans en Alda Karen deildi þar helstu leyndarmálum sínum í sölu og markaðssetningu bæði á Íslandi og á erlendri grundu.

Litla Íslandi allt!

Litla Ísland var stofnað á Smáþingi árið 2013 en bakhjarlar þess eru Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök fjármálafyrirtækja. Vegur þess fer nú vaxandi en á árinu er áætluð hringferð um stóra Ísland þar sem framtaki fólks sem lætur drauma sína rætast og hefja eigin rekstur verður fagnað.





ERLEND SAMSKIPTI

Í júní heimsótti sendinefnd frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) Hús atvinnulífsins og þar þar helst á góma mikilvægi EES-samningsins fyrir íslenskt atvinnulíf. EES-samningurinn tryggir Íslandi, ásamt Noregi og Liechtenstein, aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB). Um 68% af útflutningstekjum Íslendinga koma frá ríkjum EES-svæðisins. Aðilar voru sammála um að það væri afar þýðingarmikið fyrir íslenskt atvinnulíf að tryggja rétta framfylgni EES-samningsins og draga úr þeim innleiðingarhalla sem til staðar er af Íslands hálfu á regluverki EES.

Þá tóku Samtök atvinnulífsins þátt í samráði með stýrihóp um skilvirkari framkvæmd utanríkisþjónustu Íslands. Í skýrslu sem varð afrakstur af þeirri vinnu, Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi, má finna tillögur um öflugri framkvæmd EES-samningsins sem eru meðal annars afrakstur af tillögum samtakanna. Meðal þess sem samtökin fagna sérstaklega eru tillögur um að hagsmunamál verði greind snemma á mótunarstigi og að formlegt samráð verði aukið. Auk þess verði unnið markvisst að því að innleiða reglur þannig að þær verði minna íþyngjandi fyrir íslenska hagsmunaaðila.

Innleiðing á regluverki á síðasta ári var ekki margþætt. Ný lög voru sett um farþegaflutninga og farmflutninga á landi í þeim tilgangi að veita lagastöð fyrir innleiðingu fimm EES-gerða á sviði landflutninga og þá var áfram unnið að innleiðingu á regluverki EES á sviði fjármálamarkaðar.

Ráðgjafanefnd EFTA

SA eiga aðild að ráðgjafanefnd EFTA, sem skipuð er fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Fulltrúi SA er nú formaður nefndarinnar. Nefndin fjallar um þróun EES-samningsins með hliðsjón af hagsmunum sem aðilar vinnumarkaðarins gæta. Nefndin vinnur annars vegar að gerð sameiginlegra álitserða nefndarinnar og hliðstæðrar ráðgjafarnefndar Evrópusambandsins og hins vegar að sjálfstæðum álitserðum sem kynntar eru fyrir fastanefnd EFTA í Brussel og ráðherrum EFTA-ríkjanna.



Á árinu 2017 fjallaði nefndin m.a. um hugmyndir framkvæmdastjórnar ESB um að efla samevrópskan vinnumarkað og samræma félagsleg réttindi borgara í því augnamiði að draga úr atvinnuleysi innan ríkja ESB. Ennfremur mikilvægi þess að stjórnvöld viðurkenni nýjar aðferðir og tækni til að veita þjónustu í stað þess að setja bönn og strangar girðingar. Þá fjallaði nefndin um tillögur ESB um að færa jafnvægi á milli vinnu og atvinnulífs í átt til þess sem gerist á Norðurlöndum. Þá heldur nefndin árlega fundi með ráðherrum EFTA-landanna, þingmannanefnd EFTA og sendiherrum EFTA-landanna.

BusinessEurope

SA eiga aðild að BusinessEurope sem eru heildarsamtök evrópskra atvinnurekenda. Sú aðild er nýtt til að fylgjast með þróun mála á vettvangi Evrópusambandsins og koma á framfæri sínum sjónarmiðum við málefni sem varða samstarfið um EES.

Hinn 25. mars 2017 var haldið upp á að 60 ár væru liðin frá undirritun Rómarsamningsins sem markaði upphafið á því samstarfi sem nú einkennir samskipti ríkja Evrópu. Í tilefni af því minnti BusinessEurope á mikilvægi þess að meta hvað hefur áunnist. Í ríkjum Evrópusambandsins búi 7% íbúa heims sem standi undir 23% af landsframleiðslu heimsins sem geri svæðið að einu öflugasta efnahagssvæði heims. Þó stafi ýmsar ógnir að



starfsemi Evrópusambandsins og árið 2017 markaðist talsvert af afleiðingum ákvörðunar Breta um að yfirgefa ESB og pólitískri ólgu í mörgum lykilríkja sambandsins.

Sem andsvar við vaxandi ólgu í álfunni og aukinni einangrunarhyggju hefur af hálfu sambandsins verið lagt til að mynduð verði ný stoð um félagsleg réttindi í álfunni. Hafa hugmyndirnar bæði vakið áhuga og mætt ákveðinni andstöðu enda um að ræða málefni sem áður hefur að talsverðu leyti verið talið falla undir sjálfsvörðunarrétt ríkja sambandsins. BusinessEurope hefur lagt áherslu á að markmiðið sé verðugt en stuðst sé við ranga aðferðafræði og bent á að leggja þurfi áherslu á að skapa aðstæður til aukinna velmegunar og nýrra starfa en ekki löggjafar sem dragi úr samkeppnishæfni álfunnar. Því sé mikilvægt að halda áfram vinnu við að endurbæta stjórnun ESB og nauðsynlegt að straumlínulaga bæði stofnanir og regluverk sambandsins.

Efnahagslegur ábati sé forsenda velferðar og að erfið staða margra ríkja í velferðarmálum og hátt hlutfall atvinnuleysis, sérstaklega ungs fólks, sé ekki vegna þess að félagsmálastefnu skorti. Frekar þurfi að nútímavæða evrópska velferðarlíkanið til að takast á við hækkandi meðalaldur og mæta alþjóðlegri samkeppni um aðlaðandi viðskiptaumhverfi. Það hljóti að vera kjarni aðgerða ESB að vernda og þróa innri markaðinn og að fyrirtækin séu miðlægur hluti lausnarinnar. Það séu einkafyrirtækin sem skapi störf, stuðli að hagvexti og standi undir rannsóknum og nýsköpun. Stuðla þurfi að stöðugum og sjálfbærum hagvexti sem skili sér til allra og einstök aðildarríki þurfi að ráðast í nauðsynlegar umbætur heima fyrir.

Brexit

Framtíðarfyrirkomulag viðskiptasambands Íslands og Bretlands er gríðarlegt hagsmunamál fyrir íslenskt atvinnulíf enda fluttu Íslendingar út vörur til Bretlands árið 2015 fyrir 73 milljarða króna og til landsins fyrir 35 milljarða króna. Samsvarar það um 12% af öllu útflutningsverðmæti landsins og 5% af innflutningi. Umfang þjónustuviðskipta milli ríkjanna er einnig umtalsvert. Flutt var út þjónusta fyrir 66 milljarða króna þetta ár sem var um 11% af heild en innflutt þjónusta var um 66 milljarðar króna eða um 18% af heild.

Þessar upplýsingar komu fram í greiningu sem gefin var út af Samtökum atvinnulífsins í júní 2017 sem bar heitið Brexit: Íslenskir hagsmunir í forgrunni en þar voru tekin saman helstu atriði sem máli skipta fyrir íslensk fyrirtæki. Síðar á árinu birtu SA nánari upplýsingar um framgang viðræðna á heimasíðu samtakanna.

Þá hófst á árinu undirbúningur stjórnvalda vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu af fullum krafti og hafa Samtök atvinnulífsins fylgst vel með og átt samráð við fulltrúa stýri- og vinnuhópa utanríkisráðuneytisins. Ljóst er að útganga Breta mun hafa í för með sér margvíslegar breytingar á samstarfi við önnur ríki Evrópu, þ.á.m. Ísland. Bretar hafa upplýst að þeir muni ganga úr innri markaðnum og yfirgefa tollabandalag ríkja Evrópusambandsins. Þá tóku Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök á móti sendinefnd breskra þingmanna þann 22. september 2017 og ræddu aðilar



meðal annars um bresk-íslenska viðskiptahagsmunir, í aðdraganda og kjölfar Brexit, og áhrif pólitískrar óvissu á efnahag og viðskiptalíf beggja landa.

Norrænt samstarf

Samtök atvinnulífsins leggja ríka áherslu á að taka þátt í samstarfi norrænna systursamtaka sinna. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA) og Dansk Industri (DI) í Danmörku, Elinkeinoelämän keskusliitto (EK) í Finnlandi, Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) í Noregi og Svenskt Näringsliv (SN) í Svíþjóð. Um stór og öflug samtök eru að ræða sem búa yfir mikilli sérfræðiþekkingu á málum atvinnulífsins og er mikilvægt að geta fylgst með áherslum þeirra enda oft hægt að líta til nágrannaríkja okkar í leit að fyrirmyndum, til að mynda varðandi undirbúning á regluverki hér á landi.

Samstarfið felst meðal annars í að formenn og framkvæmdastjórnar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og jafnframt eru haldnir árlegir fundir lögfræðinga, hagfræðinga, skattasérfræðinga, samskiptastjóra, umhverfissérfræðinga og vinnumarkaðs-sérfræðinga. Tilgangur fundanna er meðal annars að fara yfir það sem er efst á baugi og fjalla um sameiginleg hagsmunamál og mismunandi nálganir í hverju landi fyrir sig en einnig eiga þessir hópar í samskiptum milli funda vegna einstakra mála.

Í ár kom það í hlut Samtaka atvinnulífsins, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, að taka á móti hópi umhverfissérfræðinga til landsins og var á fundinum m.a. lögð áhersla á umræðu á sviði loftslags- og orkumála, fyrirhugaðar breytingar á löggjöf ESB auk þess sem úrgangsmál voru til umfjöllunar.


HAUSTFUNDARÖÐ SA UM ÍSLAND



Samtök atvinnulífsins lögðu í leiðangur á haustdögum og efndu til opinna funda hringinn í kringum landið. Formaður SA, Eyjólfur Árni Rafnsson, framkvæmdastjóri SA, Halldór Benjamín Þorbergsson og Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagsviðs SA, fluttu erindi um atvinnulífið, stöðu efnahagsmála og framtíðarhorfur en að þeim loknum fóru fram líflegar umræður og fyrirspurnir.




Rúmlega 700 manns sóttu fundina í Vestmannaeyjum, á Akureyri, á Sauðárkróki, á Egilsstöðum, á Neskaupstað, á Höfn, í Stykkishólmi, í Reykjanesbæ, í Reykjavík, á Selfossi. SA þakka þeim fjölmörgu sem mættu til fundanna.

Forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins heimsóttu jafnframt fjölda öflugra fyrirtækja í hringferðinni sem leggja grunn að blómlegu mannlífi á landsbyggðinni. Undirbúningur næstu hringferðar SA er þegar hafinn.









SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Stjórn SA kom fimm sinnum saman á starfsárinu. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar voru eftirfarandi kosin í framkvæmdastjórn, auk Eyjólfss Árna Rafnssonar, formanns SA: Árni Sigurjónsson, Grímur Sæmundsen, Guðrún Hafsteinsdóttir, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Jens Garðar Helgason, Lilja Björk Einarsdóttir og Margrét Sanders. Jens Garðar Helgason var kjörinn varaformaður. Þá var skipað í kjörstjórn og stjórn Vinnudeilusjóðs fyrir tímabilið 2017-2018.



Störf stjórnar SA starfsárið 2017-2018

Á sviði kjaramála fjallaði stjórnin um samninga á samningssviði SA sem losnuðu á árinu 2017 en þeir voru 13 talsins, einkum í stóriðju og flugrekstri, og tóku til 1.600 starfsmanna. Stjórnin fjallaði jafnframt um samningamál hins opinbera og þá hættu að rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 yrði brotið niður og að kjarasamningar ríkisins yrðu launaleiðandi.

Stjórnin fjallaði um versnandi rekstraraðstæður útflutningsfyrirtækja og annarra fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni vegna mikillar hækkunar raunlauna og gengishækkunar krónunnar. Að mati stjórnarinnar ættu mörg þeirra í erfiðleikum og þyldu illa frekari launahækkanir.

Umbætur á umgjörð við gerð kjarasamninga eru brýnar að mati stjórnarinnar. Efla þyrfti embætti ríkissáttasemjara með auknum fjármunum og valdheimildum til að hafa áhrif á kjaradeilur og leiða þær til lykta. Ólíðandi væri að fámennar starfsgreinar hefðu

lögvarðar heimildir til að stöðva samgöngur við önnur lönd og á því þyrfti að taka með breytingum á vinnulöggjöfinni. Þá þyrfti að kynna betur hvað felst í hugmyndum um breytt líkan við gerð kjarasamninga og auka með þeim hætti skilning á nauðsyn breytinga.

Stjórnin telur að í næstu samningalotu þurfi SA að leggja mikla áherslu á lækkun álagsgreiðslna gegn hækkun grunnlauna. Þrátt fyrir slíkar áherslur í samningsgerðinni 2015 hefði verkalyðshreyfingin lítinn áhuga á breytingum. SA þyrftu að setja málið á oddinn í upphafi viðræðna.

Stjórnin fjallaði um málefni Íslandsstofu og lýsti von um að nýtt frumvarp, verði það að lögum, bindi enda á áralanga deilu atvinnulífs og stjórnvalda um Íslandsstofu þannig að hún verði ótvírætt utan við stjórnsýslulög, upplýsingalög og starfsmannalög og sé í raun samstarfsverkefni atvinnulífsins og stjórnvalda (e. public-private partnership).



Stjórnin fjallaði um atvinnuþátttöku eldri starfsmanna og reglur, bæði formlegar og óformlegar, um að starfsmönnum sem ná 70 ára aldri sé gert að hætta störfum þótt vilji og geta sé til áframhaldandi starfa. Viðhorf stjórnarinnar er að slíkar reglur séu óskynsamlegar og sníða þurfi raunhæfar reglur um vinnu og starfslok eldri starfsmanna.

Stjórnin fjallaði um tillögur starfshóps um kjararáð og lýsti stuðningi við tillögurnar sem í meginatriðum fólust í því að lög um kjararáð verði felld brott og að laun kjararáðshópa yrðu fryst til 1. maí 2019.

Stjórnin fjallaði um endurmat á forsendum kjarasamninga í febrúar 2018 og ítrekaði að engar forsendur væri fyrir því að auka kostnað gildandi kjarasamninga.

Störf framkvæmdastjórnar SA starfsárið 2017-2018

Framkvæmdastjórnin kom 11 sinnum saman á starfsárinu.

Framkvæmdastjórnin tilnefndi í stjórnir lífeyrissjóða samkvæmt nýjum reglum sem samþykktar voru af stjórn SA í janúar 2017. Fjallað var um kynjahlutföll skipaðra fulltrúa og ákveðið að SA myndu skipa konur og karla að jöfnu og að á sama hátt yrðu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar að skipa konur og karla að jöfnu.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um þann vanda sem skapaðist við það að breytingar á lögum um lífeyrissjóði var ekki breytt í þá veru að skapa kjarasamningi ASÍ og SA um tilgreinda séreign lagastoð.





Framkvæmdastjórnin fjallaði um aukna skattlagningu á útflutningsgreinar, einkum virðisaukaskatt á ferðapjónustu og kolefnis- og veiðigjald á sjávarútveg, í ljósi hás gengis íslensku krónunnar. Þá þyrfti að bregðast við stöðugri hækkun eftirlitskostnaðar, s.s. við heilbrigðis- og matvælaeftirlit.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um nauðsyn breytinga á skilgreiningu vinnutíma þannig að dagvinnutími gæti verið breytilegur, hafist og lokið á mismunandi tíma, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Í því skyni væri mikilvægt að undirbúa og hrinda af stað tilraunaverkefni. Framkvæmdastjórnin lýsti miklum vonbrigðum með afstöðu VR sem hafnaði boði SA um þátttöku í slíku verkefni.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um endurmat á forsendum kjarasamninga í febrúar 2018 og lýsti áhyggjum af samningamálu ríkisins.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um launaþróunartryggingu samkvæmt rammisamkomulagi heildarsamtaka, frá október 2015, fyrir félagsmenn aðildarféлага ASÍ og BSRB sem starfa hjá ríkinu. SA leggja áherslu á að tryggingin virki í báðar áttir, þ.e. að skuld myndist hjá opinberum starfsmönnum ef laun þeirra hækki meira en á almennum vinnumarkaði.

Framkvæmdastjórnin lagði áherslu á mikilvægi máltækni- og efnisins, fjallaði um næstu skref í máltækniáttum og áherslu SA á máltækni á starfsárinu.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um sameiginlegt verkefni SA og ASÍ um kennitölufلاك og lagði áherslu á mikilvægi málsins fyrir SA.

Framkvæmdastjórnin ákvað að SA héldu haustfundaröð viðsvegar um landið með atvinnurekendum og almenningi þar sem formaður og framkvæmdastjóri lýstu sýn samtakanna.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um málefni skrifstofunnar og ákvað að byggja á þremur sviðum; vinnumarkaður, efnahagur og sam-





keppnishæfni og menntamál. Ekki væri ástæða til að hafa sérstakt menntasvið. Þá þyrfti að setja skýran ramma um rekstrarsviðið.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um frumvarpsdrög utanríkisráðherra um breytingar á Íslandsstofu og taldi mikilvægt að tryggja aðkomu allra aðildarsamtaka SA að stjórn Íslandsstofu.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um rekstur SA sem var í jafnvægi á starfsárinu og í samræmi við áætlun.

Framkvæmdastjórnin fór í nokkrar heimsóknir til fyrirtækja.

Framkvæmdastjórnin ákvað að breyta ensku heiti SA úr „Business Iceland“ en það var tekið upp á árinu 2016 í stað „Confederation of Icelandic Employers“. Ákveðið var að heitið yrði framvegis „Confederation of Icelandic Enterprise“.

Framkvæmdastjórnin átti fund með fjármála- og efnahagsráðherra þar sem fjallað var um stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, samspil stjórn mála og vinnumarkaðar, mikilvægi samstillingar og innbyrðis jafnvægis þessara aðila, stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði, erfiða samkeppnisstöðu atvinnulífsins og kjaramál.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um viðræður SA og ASÍ um endurskoðun kjarasamnings aðila um lífeyrismál frá árinu 1995 sem staðið hafa yfir með hléum frá árinu 2015 þar sem lagðar eru til róttækar breytingar á aðferðum við val á stjórnarmönnum og stórukið hlutverki fulltrúaráða.

Ákveðið var að halda ársfund SA mánudaginn 16. apríl í Hörpu. Framkvæmdastjórnin taldi kjörið að fjalla um sterkt og samkeppnishæft atvinnulíf í 100 ár sem aflvaka velmegunar á Íslandi í ljósi aldarafmælis fullveldis þjóðarinnar.



Skrifstofa SA

Nokkrar breytingar hafa orðið á skrifstofu SA á starfsárinu. Guðrún S. Eyjólfssdóttir, verkefnastjóri og Halldór Árnason hagfræðingur fóru á eftirlaun eftir margra ára farsæl störf fyrir samtökin. Þá fór María Hallbjörnsdóttir, sem starfaði á rekstrarsviði SA, einnig á eftirlaun en hún starfaði í áratugi fyrir samtök í atvinnulífinu, m.a. Samtök iðnaðarins.

Haustið 2017 voru tveir nýir forstöðumenn kynntir til leiks og skipulagi breytt. Samtök atvinnulífsins tóku við rekstri rekstrarfélags Húss atvinnulífsins og einnig voru mennta- og nýsköpunarsvið og kynning og miðlun sameinuð samkeppnishæfnisviði. Davíð Þorláksson var ráðinn forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs og Ingibjörg Björnsdóttir forstöðumaður rekstrarsviðs. Arndís Arnardóttir var ráðin skrifstofustjóri SA. Erla Björk Guðmundsdóttir var ráðin fjármálastjóri rekstrarsviðs SA og María Árnadóttir innheimtufulltrúi á rekstrarsviðinu.

Á sama tíma var Arnar Sigurmundsson ráðinn ráðgjafi SA í lífeyrismálum. Hann mun styðja við framkvæmdastjórn SA í stefnumótun í lífeyrismálum og sinna utanumhaldi um samskipti við sjóðina.

Unnur Elfa Hallsteinsdóttir var ráðin verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði í upphafi ársins. Á rekstrarsviði SA lét Guðrún Guðmannsdóttir innheimtufulltrúi af störfum en Harpa Björt Barkardóttir var ráðin innheimtu- og bókhaldsfulltrúi.

SAMSKIPTI

Nýr vefur Samtaka atvinnulífsins var tekinn í notkun vorið 2017. Hann er snjalltækjavænn og stórvökst umferð um hann í gegnum farsíma og spjaldtölvur í kjölfarið. Á vef SA er að finna fjölbreyttar fréttir af hagsmunamálum atvinnulífsins, stefnumörkun í ýmsum málaflokkum og allt útgefið efni SA. Það birtist jafnharðan á samfélagsmiðlum SA, á Facebook og Twitter @atvinnulifid en fylgjendum SA hefur fjölgað mikið á undanförunum mánuðum.

Nýr vinnuþróunsvæfur var jafnframt opnaður á starfsárinu þar sem stjórnendur fyrirtækja geta sótt sér fjölbreytta fræðslu, þekkingu og hagnýt ráð, hvenær sem þeim hentar.

Af **vettvangi** er rafrænt fréttabréf SA sem kemur reglulega út yfir árið með nýju efni og yfirliti yfir það helsta sem hefur verið til umfjöllunar á vettvangi samtakanna síðustu vikunnar. Þeir sem vilja ekki missa af því sem gerist á sviði atvinnulífsins geta skráð sig á fréttabréfalista SA með tölvupósti á sa@sa.is.

Sjónvarp atvinnulífsins fylgist með stærstu fundum og ráðstefnum SA á hverju ári. Völdum viðburðum er streymt um land allt og upptökur birtar á vefnum í kjölfarið. Þannig hefur fjöldi þeirra sem fylgist með fundum SA margfaldast. Yfirlit yfir helstu fundi SA á starfsárinu er að fylgir hér á eftir en ítarlegri umfjöllun um efni þeirra má nálgast á vef SA.

Ársfundur atvinnulífsins 2017

Ársfundur atvinnulífsins fór fram fyrir fullu húsi í Silfurbergi í Hörfu miðvikudaginn 29. mars. Rúmlega 600 gestir mættu til fundarins og um 1.500 horfðu á fundinn í beinni útsendingu. Björgólfur Jóhannsson, formaður SA 2013-2017, ávarpaði fundinn og sagði m.a. í kveðjuræðu sinni.

„Raungengi á mælikvarða launa er góður mælikvarði á samkeppnisstöðu atvinnulífsins en það sýnir hvernig launakostnaður hér á landi þróast miðað við samkeppnislönd í sama gjaldmiðli. Frá síðasta ársfjórðungi 2014 til jafnlengdar 2016 hækkaði raungengi á þennan



mælikvarða um 43% og ef lítið er til fjögurra ára er hækkunin 64%. Samkeppnisstaðan hefur því tekið stakkaskiptum til hins verra á skömmum tíma og fer þeim vörum og þjónustubáttum ört fækkandi sem borgar sig að framleiða hér á landi.“

Björgólfur, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku, ræddi m.a. um mikilvægi frjálsrar verslunar og opinna hagkerfa á tímum vaxandi einangrunarhyggju. Sérstakur gestur fundarins, Zanny Minton Beddoes, aðalritstjóri tímaritsins The Economist, þakkaði Björgólfi sérstaklega fyrir erindið og sagði langt síðan hún hefði heyrt jafn kröftugan málflutning. Beddoes fjallaði um stöðu efnahagsmála og stjórnmála í heiminum, vaxandi lýðskrum og fjölda áskorana í heimsbúskapnum framundan. Var gerður góður rómur að erindi hennar. The Economist sem kom fyrst út árið 1843 er vikurit um efnahagsmál og er virtasta tímarit heims um efnahags- og þjóðmál.

Björgólfi var á fundinum þakkað fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu atvinnulífsins áður en hann afhenti nýjum formanni keflið, Eyjólfí Árna Rafnssyni, sem hlaut yfirburða kosningu meðal aðildarfyrirtækja SA, yfir 93% greiddra atkvæða.

Halldór Benjamín Þorbergsson, nýr framkvæmdastjóri SA, stýrði fundinum, Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra ávarpaði fundinn og Halldór Baldursson teiknaði skopmyndir morgundagsins. Þrír valinkunnir stjórnendur rýndu í stöðu mála og framtíðina, Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og stjórnarformaður Fjarskipta, Lilja





Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans og Stefánía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri CCP.

Íslenska verði gjaldgeng í stafrænum heimi

Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti þann 19. júní í Veröld – húsi Vigdísar nýja verkáætlun um máltækni fyrir íslensku á árunum 2018-2022. Markmið hennar er að íslensku verði að finna í öllum tækjabúnaði og í hugbúnaði stærstu tæknifyrirtækja heims.

„Það er ríkur vilji stjórnvalda að hrinda í framkvæmd verkáætlun fyrir máltækni til næstu fimm ára og tryggja þannig að íslenskan verði fullgilt tungumál í stafrænum heimi. Ábyrgðin liggur þó ekki einvörðungu hjá stjórnvöldum heldur okkur öllum; fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Það hversu vel við hlúum að tungu okkar mun ráða úrslitum um stöðu hennar í framtíðinni,“ sagði Kristján Þór.

Verkáætlunin byggir á tillögum stýrihóps um máltækni sem var skipaður í lok október 2016. Í stýrihópnum áttu sæti Davíð Þorláksson, Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, Birna Ósk Einarsdóttir, Guðrún Nordal og Pétur Reimarsson.

Átak gegn kennitöluflakki

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands kynntu þann 20. júní sameiginlegar tillögur sem er ætlað að berjast gegn kennitöluflakki. Ætla má að tjón samfélagsins vegna kennitöluflakks hlaupi á milljörðum króna á hverju ári. Kennitöluflakk er meinsemd í íslensku samfélagi sem er hægt að lágmarka með breytingu laga í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

TedXReykjavík

TEDxReykjavík ráðstefnan var haldin í sjöunda skipti laugardaginn 9. september. Samtök atvinnulífsins voru bakhjarl viðburðarins eins og fyrri ár en að þessu sinni var þema hans „ný hugsun“. Frummælendur voru hugmyndaríkir frumkvöðlar sem deildu hugmyndum um hvernig hugsa megi hlutina upp á nýtt og búa til betra samfélag.

TEDx viðburðir eru smærri útgáfa af TED þar sem fyrirlesarar víðs vegar úr heiminum flytja stutt og kraftmikil erindi um allt milli himins og jarðar. TEDx-erindin eru svo birt á rásinni TEDx Talks á YouTube þar sem þau eru öllum aðgengileg. Á TEDx viðburði gefst gestum tækifæri til að eiga góða samverustund með spennandi fyrirlesurum, eiga áhugaverðar samræður og mynda tengsl sín á milli.

Tölum um staðreyndir

Haustið 2017 varð ljóst að á Íslandi einkennast umræður um efnahags- og kjaramál oftar en ekki af röngum staðhæfingum og ályktunum. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli og því ákváðu SA að opna staðreyndasiðu með ýmsum fróðleik um íslenskan





vinnumarkað, laun og jöfnuð í alþjóðlegu samhengi. Staðreyndirnar voru jafnframt settar fram í þremur staðreyndastiklum sem voru birtar á Facebook og eru aðgengilegar í Sjórnvarpi atvinnulífsins.

Sjávarútvegsdagurinn 2017

Sjávarútvegsdagurinn, í samstarfi Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, var haldinn 17. október í Hörpu og bar yfirskriftina Högum seglum eftir vindi. Á honum var m.a. rætt stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi auk þess sem niðurstöður gagnagrunns Deloitte um afkomu sjávarútvegsins voru kynntar.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins fór fram 12. október á Hilton Reykjavík Nordica. Loftslagsmál voru þar í kastljósinu. Icelandair hótel var valið umhverfisfyrirtæki ársins og Landsnet fékk verðlaun fyrir framtak ársins á sviði loftslagsmála. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, var sérstakur gestur fundarins. Uptökur erinda má nálgast á vef SA. Einnig voru haldnar tvær

málstofur um ábyrgar fjárfestingar, nýsköpun og loftslagsmál annars vegar og orkuskipti og orkunýtingu hins vegar. Nánar er fjallað um efnið í umfjöllun um umhverfismál.

Haustfundaröð SA 2018

Samtök atvinnulífsins efndu til opinna funda hringinn í kringum landið í október, nóvember og desember. Fjallað var um stöðu efnahagsmála, vinnumarkaðinn og framtíðarhorfur en að þeim loknum fóru fram líflegar umræður og fyrirspurnir.

Ný persónuverndarlöggjöf 2018

Samtök atvinnulífsins í samvinnu við KPMG stóðu fyrir fjölmennum morgunverðarfundum í október um nýja samevrópska persónuverndarlöggjöf sem gert er ráð fyrir að taki gildi á Íslandi í maí 2018. Dómsmálaráðherra, Sigríður Andersen, var gestur fundarins. Mikko Viemerö, sem stýrir gagnaöryggisdeild KPMG í Finnlandi, flutti erindi auk Helgu Grethe Kjartansdóttur, lögfræðings hjá Símanum.



Flutningalandið 2017

Íslenski sjávarklasinn og Samtök atvinnulífsins efndu til ráðstefnunnar Flutningalandið Ísland í Hörpu 30. nóvember. Þar var rætt um hvernig Ísland getur eftt sig sem tengipunkt fyrir alþjóðaflutninga og um leið stuðlað að auknu efnahagssamstarfi þjóða við Norður-Atlantshaf.

Flutningalandið Ísland er vettvangur þar sem koma saman aðilar úr öllum helstu greinum samgangna og flutninga hérlandis. Markmiðið með Flutningalandinu er að auka skilning á mikilvægi flutningakerfisins fyrir samkeppnishæfni þjóðarinnar og efla samstarf á milli aðila í greininni.

Farsæll rekstur

Litla Ísland efndi til fimm fræðslufunda um farsælan rekstur í nóvember og desember fjallað er um þá í umfjöllun um Litla Ísland í ársskýrslunni en upptökur af fundunum eru aðgengilegar á vef Litla Íslands, www.litlaisland.is.



Menntun og færni á vinnumarkaði

Ráðstefna Samtaka atvinnulífsins, Vinnuálastofnunar, Hagstofu Íslands og Alþýðusambands Íslands um menntun og færni á vinnumarkaði fór fram á Hilton Reykjavík Nordica 9. nóvember. Hvert stefnir Ísland og hvar verða framtíðarstörfin til? Það er stóra spurningin sem var leitað svara við. Á ráðstefnunni kynntu sérfræðingar í fremstu röð í færnisþám frá Bretlandi, Svíþjóð og Írlandi þær aðferðir sem beitt er í heimalöndum þeirra og annars staðar í Evrópu.

Örar breytingar á tækni, efnahagslífi og samfélaginu gera það að verkum að nauðsynlegt er að við séum vel undirbúin og meðvitun um ólíkar sviðsmyndir sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Þannig má efla samspil atvinnulífs og menntunar sem leiðir til þess að verðmætari störf verða til og lífskjör landsmanna batna.

Fjárfest í framtíðinni

Samtök atvinnulífsins, Íslandsstofa, Festa og norrænt net Global Compact efndu til opins morgunfundar í desember um hvernig Global Compact og 17 heimsmarkmið SP um betri heim geta opnað fyrirtækjum leið inn á nýja markaði á sama tíma og þau sýna samfélagsábyrgð í verki. Nánar er fjallað um fundinn í kafla um samfélagsábyrgð.

Skattadagurinn

Árlegur skattadagur Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 16. janúar en dagurinn hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur í umræðu um skattamál. Fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, ávarpaði fundinn.

Smáþing 2018

Smáþing var haldið í byrjun febrúar á Hilton Reykjavík Nordica. Þar var sérstaklega horft til markaðsmála lítilla og meðalstórra fyrirtækja auk þess sem nýjar hagfélur Litla Íslands voru birtar. Þingið fór fram fyrir fullum sal en hátt í 400 manns tóku þátt í því.







Menntadagur atvinnulífsins 2018

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn 15. febrúar í Hörpu. Dagurinn var að þessu sinni tileinkaður hlutverki skólakerfis og atvinnulífs við að búa fólk undir þær miklu tæknibreytingar sem nú standa yfir. „Hvað verður um starfið þitt?“ var yfirskrift dagsins sem hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður og var nú haldinn í fimmta sinn. Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt, Iceland Travel var valið menntafyrirtæki ársins og Landsnet menntasproti ársins. Nánar er fjallað um daginn í kafla um menntamál.

Hvað ber árið 2018 í skauti sér?

„Allar forsendur eru fyrir því að árið 2018 geti orðið farsælt ár fyrir Íslendinga ef krefjandi verkefni sem bíða landsmanna verða leyst með fyrirhyggju og yfirvegun að leiðarljósi.“ Þetta kom m.a. fram á árlegum þrettándafundi SA með fjölmiðlum þar sem rýnt var í árið framundan, það sem gerðist á liðnu ári og stærstu áskoranirnar framundan.



Fræðslufundir um starfsmannamál og kjarasamninga

Samtök atvinnulífsins buðu starfsfólki aðildarfyrirtækja SA upp á þrjú fræðslufundi í febrúar og mars um starfsmannamál og kjarasamninga. Fundirnir fóru fram í Húsi atvinnulífsins. Lögfræðingar á vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins sáu um fræðsluna sem gagnast öllum sem koma að starfsmanna- og launamálum fyrirtækja.

Ílla sviknir stjórnendur

Svonefnd stjórnendasvik (e. CEO-fraud) hafa orðið æ algengari. Þau felast í að fjárvikamenn villa á sér heimildir sem stjórnendur fyrirtækja og senda trúverðug fyrirmæli á starfsmenn þeirra um að millifæra fé með hraði.

Ísland er eitt netvæddasta land heims og hér á landi eru nánast öll bankaviðskipti rafræn. Íslensk fyrirtæki hafa því orðið fyrir barðinu á stjórnendasvikum í síauknum mæli á undanförunum árum. Þeirri gerð tölvuglæpa er ekki unnt að verjast með tæknilausnum, heldur þarf forvarnir og árvekni til.

Því efndu Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja til morgunfundar um forvarnir gegn stjórnendasvindli og tölvuglæpum í febrúar í Húsi atvinnulífsins.

Sala, markaðssetning og lífið sjálft

Samtök fjármálafyrirtækja og Litla Ísland tóku höndum saman í mars 2018 og buðu til opins fyrirlesturs með Öldu Karen Hjaltalín, markaðsstjóra Ghostlamp í Arion banka. Nánar er fjallað um fundinn í kafla um Litla Ísland.



Framfarir í hundrað ár 1918-2018

Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki.
Á hundrað árum hefur öflugt íslenskt atvinnulíf lagt grunn
að góðum lífskjörum og mikilli velsæld.



- Á Íslandi eru að meðaltali greidd næst hæstu heildarlaun í heimi á eftir Sviss. Laun eru hærri á Íslandi en í Lúxemborg, Danmörku og Noregi.
- Lágmarkslaun á Íslandi eru meðal þeirra hæstu í heimi.
- Dagvinnutími á ári á Íslandi er hvernig styttri í Evrópu að Frakklandi undanskildu.
- Og tekjjöfnuður er hvernig meiri.

Þetta eru staðreyndir sem landsmenn geta verið stoltir af á hundrað ára afmælisári sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Heimildir: OECD, hagstofur Norðurlandanna, Eurofound og SA.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Samtök atvinnulífsins (SA) eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins. Heildarvelta samtakanna 2017 nam 700,9 millj. kr., þar af voru tekjur þjónustudeildar vegna innheimtu og umsýslu árgjalda um 162,2 millj. kr. Hagnaður ársins nam 20,1 millj. kr. samanborið við 12,9 millj. kr. hagnað árið 2016.

Það er álit framkvæmdastjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. apríl 2018

Framkvæmdastjórn:

A collection of seven handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. The signatures are: 1. A stylized signature starting with 'A'. 2. A signature that appears to be 'Guðmundur Laðbjörnsson'. 3. A signature that appears to be 'Guðmundur Laðbjörnsson'. 4. A signature that appears to be 'Dóri Jónsson'. 5. A signature that appears to be 'M. Sævarsson'. 6. A signature that appears to be 'Lilja Eiríksdóttir'. 7. A signature that appears to be 'Jóni H.

Framkvæmdastjóri:

A single handwritten signature in blue ink, which appears to be 'Hildur Ragnheiða-Björnsdóttir'.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar Samtaka atvinnulífsins

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2017 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 11. apríl 2018


KPMG ehf.

Cuney ÖP. Cunnundsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2017

	2017	2016
Rekstrartekjur		
Tekjur vegna árgjalda aðildarfélaga	527.729.505	493.084.241
Tekjur vegna þjónustudeildar	162.224.045	138.394.891
Aðrar tekjur	10.976.892	19.142.608
	<u>700.930.442</u>	<u>650.621.740</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	452.578.497	419.790.369
Skrifstofu - og stjórnunarkostnaður	114.148.536	102.197.657
Annar rekstrarkostnaður	105.930.715	105.314.628
Afskriftir	15.507.419	16.474.176
	<u>688.165.167</u>	<u>643.776.830</u>
Rekstrarhagnaður	12.765.275	6.844.910
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur	8.618.872	8.057.422
Vaxtagjöld	(1.150.344)	(1.693.923)
Gengistap	(149.359)	(272.297)
	<u>7.319.169</u>	<u>6.091.202</u>
Hagnaður ársins	<u>20.084.444</u>	<u>12.936.112</u>

Árgjöld 2017 eftir aðildarfélögum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2017

	2017	2016
Eignir		
Óefnislegar eignir	1.161.513	3.152.676
Varanlegir rekstrarfjármunir	113.950.942	127.361.298
Eignarhlutir í félögum	250.000	250.000
Fastafjármunir samtals	<u>115.362.455</u>	<u>130.763.974</u>
Viðskiptakröfur	65.829.770	62.793.105
Handbært fé	347.903.726	306.067.945
Veltufjármunir samtals	<u>413.733.496</u>	<u>368.861.050</u>
Eignir samtals	<u><u>529.095.951</u></u>	<u><u>499.625.024</u></u>
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	399.059.953	378.975.509
Eigið fé samtals	<u>399.059.953</u>	<u>378.975.509</u>
Skammtímaskuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	70.614.346	71.918.908
Skuld við tengda aðila	59.421.652	48.730.607
Skuldir samtals	<u>130.035.998</u>	<u>120.649.515</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>529.095.951</u></u>	<u><u>499.625.024</u></u>


SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2017

	2017	2016
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	20.084.444	12.936.112
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Söluhagnaður eignarhlutar í félagi	0	(4.683.982)
Sölutap á rekstrarfjármunum	225.000	0
Afskriftir	15.507.419	16.474.176
Veltufé frá rekstri	<u>35.816.863</u>	<u>24.726.306</u>
 Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:		
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun	(3.036.665)	88.672.539
Skammtímaskuldir, lækkun	(1.304.562)	(17.855.570)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>(4.341.227)</u>	<u>70.816.969</u>
 Handbært fé frá rekstri	<u>31.475.636</u>	<u>95.543.275</u>
 Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(2.880.900)	(2.451.320)
Sala á rekstrarfjármunum	2.550.000	0
Seldur eignarhlutur í félagi	0	29.683.983
Tengdir aðilar, breyting	10.691.045	3.461.761
Fjárfestingarhreyfingar	<u>10.360.145</u>	<u>30.694.424</u>
 Hækkun á handbæru fé	41.835.781	126.237.699
 Handbært fé í ársbyrjun	306.067.945	179.830.246
 Handbært fé í lok ársins	<u>347.903.726</u>	<u>306.067.945</u>

VINNUDEILUSJÓÐUR REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2017

	2017	2016
Rekstrartekjur		
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	162.754.173	(178.747.606)
Árgjöld aðildarfélaga	57.501.000	52.303.973
Húsaleiga	18.008.996	18.738.176
Aðrar tekjur	0	483.871
	<u>238.264.169</u>	<u>(107.221.586)</u>
Rekstrargjöld		
Rekstrarkostnaður húsnæðis	21.205.132	23.558.231
Póknun vegna fjárvörslu	4.500.000	4.500.000
Annar rekstrarkostnaður	5.050.662	12.598.856
	<u>30.755.794</u>	<u>40.657.087</u>
Hagnaður (tap) ársins.....	<u><u>207.508.375</u></u>	<u><u>(147.878.673)</u></u>

Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs SA 31.12. 2017



370 m.kr. af 3.115 m.kr. eign sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun verðbréfa var 9,9% og raunávöxtun 8,0%.

VINNUDEILUSJÓÐUR

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2017

	2017	2016
Eignir		
Fasteign	359.106.934	367.661.719
Áhöld, tæki og innréttingar	10.663.176	12.975.098
Fastafjármunir samtals	<u>369.770.110</u>	<u>380.636.817</u>
Eignarhlutur í dótturfélagi	1.541.967	1.254.035
Verðbréf	2.449.648.458	2.263.385.573
Áhættufjármunir samtals	<u>2.451.190.425</u>	<u>2.264.639.608</u>
Krafa á tengda aðila	99.626.779	89.407.175
Viðskiptakröfur	5.233.511	3.290.246
Handbært fé	189.041.883	137.528.989
Veltufjármunir samtals	<u>293.902.173</u>	<u>230.226.410</u>
Eignir samtals	<u><u>3.114.862.708</u></u>	<u><u>2.875.502.835</u></u>
 Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	3.020.855.998	2.813.347.623
Eigið fé samtals	<u>3.020.855.998</u>	<u>2.813.347.623</u>
 Skuldir		
Skuldbinding vegna fjármagntekjuskatts	93.304.509	61.645.557
Aðrar skammtímaskuldir	702.201	509.655
Skuldir samtals	<u>94.006.710</u>	<u>62.155.212</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>3.114.862.708</u></u>	<u><u>2.875.502.835</u></u>

